



Ólíkir einstaklingar, ólíkar áherslur

Skólaþjónusta fyrir nemendur með fjölpættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfara innan hennar

Inga Jóna Bragadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Ólíkir einstaklingar, ólíkar áherslur

Skólaþjónusta fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og
hlutverk þroskaþjálfara innan hennar

Inga Jóna Bragadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfarafræðum

Leiðbeinandi: Kristín Lilliendahl

Ípróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Ólíkir einstaklingar, ólíkar áherslur

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.A.-prófs
í þroskaþjálfafraeði við íþróttá-, tómsunda og þroskaþjálfadeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Inga Jóna Bragadóttir 2015

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema

Reykjavík, 2015

Ágrip

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA. gráðu úr þroskaþjálfrafræðum við Háskóla Íslands. Í henni verður skoðuð skólaþjónusta fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfra innan þess. Til þess að þrengja verkefnið enn meira var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á þrjú skóla sem hafa sérhæft sig í námi fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og voru það Múlaborg leikskóli, Klettaskóli grunnskóli og Fjölbrautaskólinn í Ármúla. Til þess að komast að niðurstöðu var kafað í hlutverk þroskaþjálfra, ríkjandi lög og reglugerðir er varða skóla, auk þess sem aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla var skoðuð. Þetta var gert til þess að finna undirstöðu verkefnisins. Eftir þessa kafla var fjallað um teymisvinnu sem er mikilvægur þáttur fyrir fagfólk á þessu sviði og loks var reynt við að finna skilgreiningu fyrir hópinn. Þegar kom að skólunum voru tekin þrjú viðtöl við fjóra fagmenn innan skólanna. Viðmælendur mínir áttu það sameiginlegt að hafa mikla reynslu af því að vinna með nemendur með fjölþættar skerðingar. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi þess að hafa einstaklingsmiðað nám sem gengur út á að auka lífsgæði og sjálfstæði nemendanna.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	7
1 Inngangur	8
2 Þroskaþjálfar	10
2.1 Starfskenning og siðareglur þroskaþjálfa	10
3 Lög, reglugerðir og aðalnámskrá	14
3.1 Lög um leikskóla	14
3.2 Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar	15
3.3 Lög um grunnskóla	17
3.4 Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla	18
3.5 Lög um framhaldsskóla.....	20
3.6 Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla	21
3.7 Aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla	22
4 Skilgreiningar og flokkanir	25
5 Viðtalskönnun	29
6 Helstu niðurstöður viðtala	30
6.1 Skólarnir.....	30
6.2 Teymisvinna og hlutverk þroskaþjálfa í teymi.....	32
6.3 Þjónusta fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfa	34
Múlaborg.....	34
Klettaskóli.....	35
FÁ	37
6.4 Ráðgjöf til annarra skóla.....	38
6.5 Breytingar á þjónustu	39
7 Samantekt viðtala	41

7.1 Skólarnir	41
7.2 Teymisvinna	41
7.3 Þjónusta fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfara	42
7.4 Ráðgjöf til annarra skóla	43
7.5 Breyting á þjónustu.....	43
8 Umræður.....	45
9 Lokaorð	47
10 Heimildir.....	49
Viðauki.....	52

Formáli

Frá því að ég byrjaði að vinna með fólki með fötlun hefur áhugi minn legið að því að vinna með einstaklingum með fjölpættar skerðingar, auk þess sem ég hef mikinn áhuga á að vinna með börnum. Með því að tengja þessi tvö áhugasvið saman tókst mér að finna umfjöllunarefni fyrir BA. ritgerðina mína, sem er að skoða skólaþjónustu fyrir nemendur með fjölpættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfara innan þess.

Það eiga öll börn rétt á skólagöngu, hvort sem þau eru fötluð eða ekki, og skal skólinn koma til móts við þarfir nemenda. Þetta á við um öll skólastigin; leik-, grunn- og framhaldskóla. Því miður eru ekki allir skólar tilbúnir að taka við nemendum með fötlun - hvað þá fjölpættar skerðingar. Í Reykjavík eru þrjár skólar sem hafa sérhæft sig í að þjónusta slíka nemendur og verða þeir teknir fyrir í þessari ritgerð. Þessir skólar eru Múlaborg, Klettaskóli og Fjölbrautarskólann við Ármúla (FÁ).

Ég vil nota tækifærið hér og þakka kærastanum mínum Daníel Kárasyni og móður minni Guðbjörgu Hinriksdóttur fyrir endalausa þolinmæli, stuðning og yfirlestur. Einnig vil ég þakka Ingibjörgu Hinriksdóttur frænku minni fyrir að fara yfir lokahandrit ritgerðarinnar og mágkonu minni Ástu Særúnu Þorsteinsdóttur fyrir ómótstæðilegan stuðning á loka metrunum. Ég vill einnig senda þakkir til yfirmanna minna og samstarfsfólks sem hafa ávallt verið tilbúið að veita mér sveigjanleika í vinnu svo að ég gæti sinnt námi mínu sem best. Að lokum vill ég þakka öllum viðmælendum mínum og síðast en ekki síst leiðbeinanda mínum Kristínu Lilliendahl fyrir góðar ábendingar og aðstoð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 5. maí 2015

Inga Jóna Bragadóttir

1 Inngangur

Markmið ritgerðarinnar er að kanna hvernig skólaþjónusta innan skóla sem hafa sérhæft sig í þjónustu við börn og ungmenni með fjölpættar skerðingar er háttað. Auk þess sem varpað verður ljósi á hlutverk þroskaþjálfna innan þeirrar skólaþjónustu. Tilgangur ritgerðarinnar er að auka þekkingu á skólaþjónustu sem ætluð er nemendum með fjölpættar skerðingar og finna helstu áherslu atriðin innan hennar.

Í raun var ekki erfitt að ákveða viðfangsefni þessarar ritgerðar þar sem áhugi minn hefur ávallt verið að vinna með börnum og ungmennum með fjölpættar skerðingar. Mikilvægasti hlutur í lífi allra barna og ungmenna, hvort sem þau eru fötluð eða ófötluð er fjölskyldan, en þar á eftir kemur skólinn og sú þjónusta sem þau fá þar og er því mikilvægt að allir upplifi góða skólagöngu án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Í þessari ritgerð verður leitast við að skoða skólaþjónustu sem veitt er í Múlaborg, Klettaskóla og Fjölbrautarskólans við Ármúla (FÁ). Ástæðan fyrir því að þessir skólar urðu fyrir valinu er að þeir hafa sérhæft sig í þjónustu fyrir börn og ungmenni með fjölpættar skerðingar. Múlaborg er leikskóli, Klettaskóli er grunnskóli og FÁ er framhaldsskóli. Þessir skólar eru þó ólíkir hver á sinn hátt. Múlaborg er almennur leikskóli sem hefur sérþekkingu í þjónustu fyrir börn með fjölpættar skerðingar, Klettaskóli er sérskóli fyrir fatlaða nemendur og innan FÁ er námsbraut sem sérhæfir sig í þjónustu fyrir ungmenni með fjölpættar skerðingar.

Það er réttur allra barna að ganga í skóla hvort sem það er leikskóli, grunnskóli eða framhaldsskóli, þetta á líka við um þau börn sem eru með sérþarfir, skerðingar eða alvarlegar fatlanir. Þessi réttur barna kemur fram í lögum og reglugerðum sem snúa að skólaþjónustu auk þess sem þetta kemur fram í alþjóða sáttmálum svo sem barnasáttmálanum sem Ísland hefur undirritað og löggilt. Til dæmis kemur fram í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) að leikskóli sé fyrsta skólastigið sem er ætlað öllum börnum undir skólaskyldualdri og í 28. gr í Barnasáttmálanum stendur að aðildarríki eigi að viðurkenna rétt barns til menntunar og gera viðunandi ráðstafanir til þess að því sé framfylgt (Sameinuðu þjóðirnar, 1992).

Stuðst verður við aðferðir eigindlegrar rannsóknar í ritgerðinni, en heimildum verður safnað með gerð viðtalskannanna. Ég mun leitast eftir að taka viðtöl við þroskaþjálfna og/eða aðra stjórnendur þessara skóla, viðtölin verða hálfopin en með því er rannsakandinn að hvetja viðmælendur sína til að tala um viðfangsefni viðtalsins. Auk þess verða ákveðnar lykilsurningar lagðar fyrir og reynt verður að spegla orð viðmælandans til þess að fá dýpri skilning á viðfangsefninu. Ég mun einnig leitast eftir að fá að taka

vettvangsathuganir þar sem fylgst verður með vinnu þroskaþjálfara innan skólanna til þess að tengja betur við það sem viðmælandinn hefur greint frá.

Skipta má ritgerðinni í tvo hluta annars vegar fræðilegan hluta og hins vegar útvinnslu viðtalanna. Í upphafi ritgerðarinnar verður greint frá störfum og hlutverkum þroskaþjálfara, með því að kanna siðareglur þeirra og starfskenningu. Eftir það verður farið í lagalegan grunn sem allir skólar á Íslandi eiga að starfa eftir. Það verður greint frá lögum um leik-, grunn og framhaldsskóla, sérkennslu stefnu leikskóla, reglugerðum um nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum og að lokum verður farið í sameiginlegan hluta aðalnámskránnar. Að því loknu verður kafli þar sem reynt er að finna skilgreiningu á því hvaða börn og ungmenni teljast vera með fjölpættar skerðingar og hvaðan þessi þörf fyrir flokkanir koma.

Seinni hluti ritgerðarinnar byrjar á stuttum lýsingum á skólunum þremur, undirbúningi viðtalanna og úrvinnslu þeirra. Þar á eftir verður gerð samantekt á helstu niðurstöðum og umræður í tengslum við þær niðurstöður með sérstaka áherslu á störf þroskaþjálfara.

2 Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar eru sú fagstétt sem hefur ákveðið að mennta sig sérstaklega til að starfa með fólki á öllum aldri sem eru með skerðingar af einhverju tagi (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007), og því er ljóst að starf þeirra er mjög mikilvægt. Á Íslandi eru ríflega 600 þroskaþjálfar sem eru innan Þroskaþjálfafélags Íslands og eflaust fleiri sem eru í öðrum stéttarfélagum, auk þessara 600 eru 11 þroskaþjálfar með fagaðild. Það þýðir að þeir þroskaþjálfar starfa ekki sem þroskaþjálfar, þetta gæti meðal annars verið vegna þess að þeir eru komnir á eftirlaun (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.b).

Fyrir þessa ritgerð kannaði ég fjölda þroskaþjálfara innan leik-, grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík, bæði einkareknum og þeim sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Í Reykjavík eru 79 leikskólar og innan þeirra eru 45 þroskaþjálfar og því ljóst að ekki eru allir leikskólar með þroskaþjálfara í vinnu, grunnskólarnir standa sig betur en þeir eru 39 og eru 50 þroskaþjálfar að vinna innan þeirra (Munnleg heimild, Valgerður Janusdóttir, 24. febrúar 2015).

Erfiðara gekk að finna út hversu margir þroskaþjálfar vinna í framhaldsskólum sérstaklega þar sem þeir eru titlaðir sem kennarar inn á starfsmannasíðum skólanna, ég komst þó að því að í 10 framhaldsskólum eru 18 þroskaþjálfar starfandi. Af þessum skólum eru sex sem hafa engan þroskaþjálfara starfandi og kom það mér ekki á óvart nema hjá MH en þar er sérnámsbraut. Tækniskólinn er sá skóli sem var með flesta þroskaþjálfara eða sjö í fullum stöðugildum.

Hér í þessum kafla verður greint frá því sem þroskaþjálfar standa fyrir með því að kynna fyrir lesendum starfskenningu og siðareglur þroskaþjálfara. Auk þess sem tengt verður inn í störf þroskaþjálfara innan skólalábjónustu.

2.1 Starfskenning og siðareglur þroskaþjálfara

Starfskenning þroskaþjálfara á að endurspeglar það sem þroskaþjálfar standa fyrir og hver grunnur þeirra og ríkjandi hugmyndafræði er. Starfskenningin er bæði fagleg og persónuleg, faglega hliðin snýr að fagmenntuninni, siðareglum og hugmyndafræði en persónulega hliðin snýr að ólíkum gildum, viðhorfum og reynslu þroskaþjálfara (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007).

Sérstaða þroskaþjálfara, sem nýtist einstaklega vel innan skóla, er annars vegar víðtæk og hagnýt þekking á sviði stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar á heildrænni þjónustu og hins vegar að veita einstaklingsmiðaða þjónustu sem er óháð aldri og

aðstæðum (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007). Þroskaþjálfar eru þjálfaðir í að horfa á einstaklinginn á heildrænan hátt og að einblína ekki á veikleika heldur fremur á styrkleika einstaklingsins.

Sú hugmyndafræði sem þroskaþjálfar vinna eftir er grundvölluð í lögum, reglugerðum og siðareglum þroskaþjálfara, hún byggist einnig á jafnrétti, virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og mannhelgi. Þroskaþjálfar leggja áherslu á að allar manneskjur séu einstakar og að allir eigi rétt til fullrar þátttöku í samfélaginu út frá eigin forsendum. Með þetta að leiðarljósi hafa þroskaþjálfar tekið þátt í að móta þjónustu og ryðja í burtu hindrunum í samfélaginu með það að markmiði að bæta lífsskilyrði og lífsgæði fólks (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007). Þetta sést meðal annars í þeirri þjónustu sem þroskaþjálfar veita nemendum sínum með því að útbúa einstaklingsáætlanir sem miða að því að auka lífsgæði þeirra. Auk þess er mikilvægt að muna að öll þátttaka á að vera út frá þeirra forsendum, þetta á sérstaklega við í skólum þar sem oft getur myndast mikið áreiti, hávaði til að mynda. Það eru ekki allir sem þola að vera í þeim aðstæðum og ættu þeir því að fá tækifæri til að yfirgefa slíkar aðstæður ef þeim líður illa.

Fræðilegur grunnur þroskaþjálfara byggist meðal annars á uppeldis-, félags-, heilbrigðis-, sálar- og siðfræðum (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007) og væri því hægt að segja að þroskaþjálfar eigi vel heima í störfum sem tengjast menlegum samskiptum og náinni vinnu með fólki. Í þessari grein kemur einnig fram að „Starfshættir þroskaþjálfara miða að því að rannsaka og tileinka sér nýjustu stefnur og strauma með hagsmuni fólks að leiðarljósi. Þroskaþjálfar miðla af þekkingu sinni og eru ráðgefandi sérfræðingar í að móta og innleiða nýjungar í þjónustu“ (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007). Eitt af því mikilvægasta í starfi þroskaþjálfara er að fylgjast með nýjum hugmyndafræðum til þess að festast ekki í sama farinu, en með því að fylgjast með nýjum rannsóknum og leiðum er hægt að finna leiðir til að auka lífsgæði hjá fleiri nemendum með sérþarfir.

Öllum þroskaþjálfum ber að vinna eftir ákveðnum siðareglum sem gerðar hafa verið af þroskaþjálfum og er ætlað að tryggja gæði starfsins og gæta að orðspori stéttarinnar úti í samfélaginu. Þroskaþjálfar sem vinna innan skólakerfisins eru alls ekki undanþegnir þessum siðareglum og má segja að það sé einstaklega mikilvægt að þeir framfylgi þeim þar sem þeir eru að vinna náið með einstaklingum sem eru undir lögaldri. Auk þess hafa þeir sem vinna með börnum á þessum aldri gífurleg áhrif á líf þeirra og því mikilvægt að sýna gott fordæmi.

Í siðareglunum kemur meðal annars fram að þroskaþjálfar eigi að beita fagþekkingu sinni með það að markmiði að bæta lífsskilyrði og lífsgæði þeirra sem þeir vinna með. Grunnurinn að starfi þroskaþjálfara er að veita skjólstaðingum sínum og aðstandendum

þeirra virðingu og umhyggju (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.a). Þetta er einstaklega mikilvægt fyrir þá sem vinna í skólakerfinu. Áhersluatriði í vinnu með nemendum með fjölþættar skerðingar er samstarf við þá sem þekkja þau best, sérstaklega vegna þess að margir þessara nemenda geta ekki tjáð vilja sinn á skíran hátt svo allir skilji. Í samfélagi fagfólks hefur orðið vakning um það að foreldrar séu sérfræðingar í sínum börnum þar sem þau þekkja börn sín allra best. Foreldrar ættu því alltaf að vera í virkum samskiptum við þroskaþjálfara og aðra fagaðila sem að nemandanum koma, til dæmis við gerð á einstaklingsáætlun og markmiðasetningu.

Í 2. grein kemur fram að þroskaþjálfar skuli ávallt gæta þess að ekki sé brotið á réttindum skjólstæðinga sinna og skal hann því sinna starfi sínu af samviskusemi óháð þjóðerni, kynþætti, trúarbrögðum, litarhætti, kynferði og þroskastigi skjólstæðings síns. Þroskaþjálfar eiga alltaf að bera virðingu fyrir lífaldri skjólstæðingsins, einkalífi og eigum hans (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.a) . Ísland er að breytast í mikið fjölmenningsamfélag og því mikilvægt að þroskaþjálfar séu ekki að láta eigin fordóma í garð ólíkra menninga hafa áhrif á starf sitt með nemandanum. Hér er bein tenging í 1. grein hér fyrir ofan því þroskaþjálfar þurfa að bera virðingu fyrir því hvernig foreldrar kjósa að ala barn sitt upp. Einnig er mikilvægt að bera virðingu fyrir lífaldri nemandans því fatlað fólk er oft talin vera börn að eilífu og er framkoma annars fólks oft á þeim nótum. Það er þó mikilvægt að muna að þrátt fyrir að nemandi í 7. bekk sé með fjölþættar skerðingar þá er hann samt sem áður 13 ára og skal talað til hans þannig.

3. grein fjallar um þagnarskyldu, þroskaþjálfar eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar um skjólstæðinga sína óháð í hvaða formi þær eru, ef um er að ræða skjöl með upplýsingum skal geyma þær á viðeigandi hátt svo að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgengi að þeim (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.a). Þessa grein þurfa allir fagaðilar sem bundnir eru þagnarskyldu að gæta að, vegna þess að með því að brjóta á henni ertu að brjóta traust sem hefur myndast við nemandann og aðstandendur hans. Starfsfólk í skólum þarf einnig að gæta þess að virða þessa skyldu og gæta þess að ræða ekki viðkvæm persónuleg málefni nemanda eða aðstandenda í svokölluðum kaffistofu umræðum. Í vinnu með nemendum með fjölþættar skerðingar er einnig mikið um teymisvinnu þar sem verið er að ræða mjög viðkvæm málefni, ef þroskaþjálfari eða annar fagaðili finnur sig knúinn til að tala um það sem fram kemur á fundunum er mikilvægt að hann leiti sér handleiðslu.

Að lokum kemur fram í siðareglunum að þroskaþjálfar þurfi að gæta þess að taka ekki að sér störf sem aðrar stéttir eru sérstaklega menntaðar til. Þroskaþjálfar eiga einnig að nota sína sérþekkingu til að ráðgjafa ef aðrir leita til þeirra, en til þess að gera það þurfa þroskaþjálfar að gæta þess að kynna sér og starfa eftir þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á þeim tíma í málefnum fatlaðs fólks (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.a).

Þroskaþjálfar í skólum þurfa að vinna í samstarfi við marga aðra fagaðila en saman hafa þeir eitt markmið og það er að efla lífsgæði nemandans og því er mikilvægt að allir virði skoðanir hvers annars. Á þetta getur reynt í þjónustu fyrir nemendur með fjölbættar skerðingar vegna þess að oft koma margir fagaðilar að barninu eins og sjúkra- og iðjuþjálfara, lækna og kennara svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru allt mismunandi fagstéttir með mismunandi menntun það er því víst að þroskaþjálfar hafa ekki sérfræðiþekkingu á sviði sjúkraþjálfunar og öfugt. Með því að vita sín mörk auðveldar það þverfaglegt samstarf og eykur enn frekar lífsgæði nemandans.

3 Lög, reglugerðir og aðalnámskrá

Ísland er aðildarríki að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og er því skylt að framfylgja því sem þar kemur fram. Markmið samningsins er að stuðla að því að fatlað fólk njóti sömu mannréttinda og mannfrelsis og ófatlað fólk. Í 7. grein er sérstaklega fjallað um börn með fötlun og kemur þar fram að í öllu því sem gert er skal ávallt hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi (Velferðaráðuneytið, 2009).

Fram kemur í 24. grein samningsins að aðildarríki skuli tryggja það að börn með fötlun séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi í grunnskóla vegna fötlunar sinnar. Þar kemur einnig fram að nemendur eigi að njóta viðeigandi aðlögunar, að þörfum hans sé mætt og að hann eigi rétt á nauðsynlegum stuðningi innan skólans (Velferðaráðuneytið, 2009).

Þrátt fyrir þetta hafa grunnskólar ekki alltaf getað staðið fyrir fullnægjandi þjónustu fyrir fatlaða nemendur og þá sérstaklega þá sem eiga við fjölþættar skerðingar að stríða. Þess vegna eru skólar sem hafa sérþekkingu á þessu sviði nauðsynlegir svo að þessir nemendur geti upplifað sérhæfða og innihaldsríkja skólagöngu. Í kaflanum hér fyrir neðan verður farið yfir öll helstu lög sem gilda um skólalþjónustu á Íslandi, reglugerðir sem fjalla um nemendur með sérþarfir og aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla.

3.1 Lög um leikskóla

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) kemur fram í 1. grein að leikskóli sé fyrsta skólastigið sem er ætlaður öllum börnum undir skólaskyldualdri og eiga leikskólar að gæta þess að velferð og hagur barna sé ávallt hafður að leiðarljósi. Auk þess eiga leikskólar að veita börnum umönnun og menntun en til að ná því fram þurfa þeir að búa til hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla kemur fram í 2. grein en þau eru meðal annars að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í samvinnu við forelda þeirra, veita skipulagða málörvun sem stuðlar að eðlilegri færni í íslensku, byggja upp grundvöll barnanna til þess að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í samfélaginu og rækta hæfileika þeirra til tjáningar og sköpunar og til þess að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og hæfi til manlegra samskipta (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Í 21. og 22. grein kemur fram að sveitarfélögin eigi að reka sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla, í þessari þjónustu felst annars vegar stuðningur við börnin innan leikskólans og fjölskyldur þeirra og hins vegar sem stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk innan þeirra. Börn innan leikskólans sem þurfa á sérstakri aðstoð og þjálfun að halda, að mati

viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan síns leikskóla og skal sú þjónusta fara fram undir handleiðslu sérfræðinga. Fram kemur í 12. grein laganna að leikskólahúsnæðið eigi að gera ráð fyrir sérstöku rými fyrir þessa sérfræðiþjónustu fyrir börn með sérþarfir (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Mikilvægt er að nýta þann tíma á meðan börn eru enn ung til þess að móta færni þeirra, sem er á leikskólaaldri þegar sem miðtaugakerfið er í hvað mestri mótun. Hér er bæði verið að tala um börn með eða án fötlunar og er það því mikilvægt að leikskólinn bjóði upp á fjölbreytta og góða þjónustu þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins.

Snemmtæk íhlutun er hvað mest í leikskólum og þakka margir foreldrar þeirri þjálfun sem þar fór fram fyrir þá færni sem barnið býr yfir eftir því sem það eldist. Með snemmtækri íhlutun er hægt að þjálfa upp ýmsa færni sem mun nýtast einstaklinginum síðar meir bæði líkamlega og félagslega. Þetta er meðal þeirra verkefna sem þroskaþjálfar sinna innan leikskóla.

Þeir eiga meðal annars að þjónusta barnið og fjölskyldu þess, fræða þau um mismunandi æfingarleiðir, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir (ef þess þarf) og vinna að því að auka lífsgæði og sjálfstæði barnanna. Þessu ná þeir ekki að gera eins síns liðs og er því gott að vinna í teyllum þar sem aðrir fagaðilar sem koma að barninu eru með í og að sjálfsögðu foreldrar. Einnig sjá þroskaþjálfar oft um að fræða starfsfólk leikskóla og leiðbeina þeim sem eru með börn í stuðning.

3.2 Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar

Stefnan er byggð á fjölda íslenskra laga svo sem lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, Barnalögum nr. 76/2003 auk þess sem stuðst er við sáttmála og yfirlýsingar frá Sameinuðu þjóðunum, aðalnámskrár leikskóla, hugmyndafræði leikskóla án aðgreiningar og snemmtæktrar íhlutunar (Reykjavíkurborg, 2009).

Barn sem talið er vera með sérþarfir er barn sem þarf að taka sérstakt tillit til innan leikskólans vegna fötlunar, þroskafrávika eða félags- og tilfinningalegra erfiðleika, hér er meðal annars um að ræða börn með langvarandi erfiðleika. Leiðsögn og stuðning við börnin skal alltaf miða út frá þörfum þeirra og vinna í nánú samstarfi við foreldra, einnig er stefnt að því að þörfum barnsins sé mætt innan barnahópsins til að gæta þess að barnið einangrist ekki og aðlagist vel við barnahópinn. Þannig er hægt að tryggja að barnið njóti eðlilegra tengsla og að aðalnámsleið barnsins sé í gegnum leik (Reykjavíkurborg, 2009).

Sérkennsla á að vera sniðin út frá skilgreindum þörfum hvers barns sem er gert með gerð einstaklingsnámskrár, markmið hennar er sértæk, fagleg og árangurstengd. Við gerð hennar eru styrkleikar og áhugasvið barnsins höfð að leiðarljósi og er sérkennslustjóri ábyrgur fyrir gerð hennar í samvinnu við foreldra og aðra fagaðila. Í námskránni skal koma fram lang- og skammtímamarkmið, hvernig íhlutunaraðferðir eiga að vera notaðar, hvar íhlutunin fer fram og hvernig og hvenær eigi að meta þann árangur (Reykjavíkurborg, 2009). Hér koma þroskaþjálfar sterkir inn við gerð einstaklingsáætlana fyrir börn. Þeir hafa oft yfirumsjón með þjálfun og námi barna, það er því í þeirra höndum að gæta þess að einstaklingsáætlun sé virk og að allir sem koma að barninu innan leikskólans séu að vinna eftir henni.

Í stefnunni er einnig talað um að fjölga eigi leikskólum með sérþekkingu á þjónustu fyrir börn með fötlun, þessir leikskólar eiga að vera skilgreindir sem sérhæfðir leikskólar. Þeir eiga að vera í fararbroddi í þekkingaröflun innan síns sérsviðs og miðla þeirri þekkingu til annarra leikskóla. Með sérhæfðum leikskóla er verið að tala um leikskóla þar sem starfsfólk sem þar vinnur býr yfir sérhæfðri þekkingu á ákveðinni fötlun og viðurkenndum íhlutunarleiðum (Reykjavíkurborg, 2009). Þetta eru leikskólar líkt og Múlaborg sem hefur sérhæft sig í þjónustu fyrir börn með fjölbættar skerðingar. Til eru aðrir leikskólar sem hafa sérhæft sig eftir ákveðum þjálfunarleiðum líkt og atferliþjálfun eða skipulagðri kennslu. Með því að hafa leikskóla sem hafa þessa sérþekkingu auðveldar það öðrum leikskólum að takast á við fjölbreytt störf því þeir geta leitað eftir ráðgjöf úr þessum skólum.

Í 11. kafla stefnunnar kemur fram að áhersla sé lögð á að efla markvisst samstarf milli leik- og grunnskóla með það að leiðarljósi að minnka bil milli skólastiga og hafa meiri samfellu í þjónustunni. Við leikskóla- og menntasvið er starfshópur sem sérhæfir sig í flutningi barna með sérþarfir milli skólastiga og er hlutverk þeirra að útfæra tillögur um hvernig best sé að flytja börn með sérþarfir milli skólastiga (Reykjavíkurborg, 2009). Þegar barn með sérþarfir útskrifast úr leikskóla þarf að gæta þess að halda góða skilafundi með viðeigandi grunnskóla þar sem farið er út í stöðu barnsins og hvernig sé best að vinn með því. Hverjir styrkleikar þess eru og hvaða þjónustu það hefur fengið og er að fá. Saman ættu skólarnir að vinna að aðlögun til þess að auðvelda þær miklu breytingar sem væntanlegar eru.

3.3 Lög um grunnskóla

Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) kemur fram í 2. grein hvert hlutverk grunnskóla sé, sem er að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna og virkja þá sem þátttakendur í samfélaginu. Þessu ná þeir fram meðal annars með því að fylgja starfsháttum sem mótast af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildum. Grunnskólar eiga að haga störfum sínum sem best í samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun þeirra, með öðrum orðum á grunnskólinn að móta sig að þörfum nemandans en ekki nemandinn að þörfum skólans. Grunnskólar eiga einnig að veita nemendum tækifæri til þess að nýta sköpunargáfur sínar og afla sér þekkingar og leikni til þess að auka við menntun sína og þroska. Grundvöllur alls skólastarfs á að vera að auka frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda sinna og þjálfra hæfni þerra í samvinnu við aðra.

Þessa grein er vel hægt að tengja inn í starfskenningu og siðareglur þroskaþjálfara þar sem þeirra helsta hlutverk er að efla lífsgæði þeirra sem þeir vinna með. Með því að vinna að þessum þáttum sem taldir voru upp er verið að efla einstaklinginn og þar með lífsgæði hans.

Í 13. grein laganna (nr. 91/2008) er sagt frá réttindum nemenda þar kemur fram að grunnskóli sé vinnustaður nemenda og að allir nemendur eigi rétt á kennslu sem er við hæfi og innan hvetjandi námsumhverfis. Grunnskólar þurfa því að gæta þess að haga störfum sínum þannig að nemendur þeirra finni fyrir öryggi og fái tækifæri til að virkja hæfileika sína.

Í 17. grein laganna (nr. 91/2008) er fjallað um nemendur með sérþarfir og segir þar að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra innan almennra grunnskóla án aðgreiningar vegna líkamlegs eða andlegs atgervis. Einnig kemur fram að nemendur með fötlun eða sértæka námsörðuleika eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi sem er metinn í samræmi við þeirra sérþarfir. Ef foreldrar, skólastjórar, kennarar eða aðrir fagaðilar sem koma að málefnum nemandans telji að hann sé ekki að fá kennslu við hæfi er hægt að sækja um skólavist í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Það eru aðeins foreldrarnir sem geta sótt um þennan flutning, það er því þannig að ef kennarar eða skólastjóri telja að barnið eigi heima í sérúrræði eða sérskóla en foreldara vilja það ekki verður almenni grunnskólinn að sjá um kennslu nemandans. Það er samt sem áður mikilvægast að heildarhagsmunir barnsins séu settir framár slíkum ákvörðunum.

Höfundur þessara ritgerðar er hrædd um að þessi grein gefi skólum smá svigrúm til þess að flytja nemendur með fötlun úr skólunum ef þau treysta sér ekki til að þjónusta nemandann. En á móti eru það foreldrarnir sem taka lokaákvörðun. Proskapjálfar þyrftu að vera í öllum skólum og ættu þeir að gæta þess að starfsmenn skólans séu meðvitaðir um mismunandi þarfir ólíkra nemenda.

Í 40. grein laganna (nr. 91/2008) kemur fram að sveitarfélög eigi að tryggja að grunnskólar hafi aðgang að sérfræðipjónustu, sú þjónusta felur annars vegar í sér stuðning við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðning við starfsemi skólans og starfsmenn þess. Þar er einnig talað um að grunnskólar eigi að vinna að forvarnarstarfi frá upphafi skólagöngu nemenda sinna, með þessu er átt við skimanir og athuganir á nemendum til þess að tryggja að þeir fái nám og kennslu við hæfi, auk þess skal athuga með greiningu þá nemendur sem eigi við sálræna eða félagslega erfiðleika að etja sem hefur áhrif á nám þeirra. Grunnskólum er þó ekki heimilt að framkvæma þessar athuganir án samráðs eða samþykkis foreldra og foreldrum skal vera greint frá niðurstöðum þessara athugana.

3.4 Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla

Árið 2010 var gerð reglugerð (nr. 585/2010) sem fjallar sérstaklega um þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskóla í 2. grein er meðal annars skilgreint hvaða nemendur teljast vera með sérþarfir, en það eru þeir sem eiga erfitt með nám vegna sértækra námsörðuleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlun. Undir þennan hóp falla þeir nemendur sem eru með lesblindu, langveikir nemendur, nemendur sem eru með þroskahömlun, geðraskanir og nemendur með heilsutengdar sérþarfir svo sem sykursýki.

Markmið reglugerðarinnar (nr. 585/2010) kemur fram í 3. grein og eru þau að stuðla að því að þessir nemendur fái jöfn tækifæri á þeirra eigin forsendum til náms og virkri þátttöku í öllu því sem gerist innan grunnskólans án aðgreiningar. Til þess að það náist þarf að koma til móts við náms-, líkams-, félags-, og tilfinningalegra þarfa nemendanna. Reglugerðin á einnig að tryggja að nemendurnir fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í húsnaði sem hentar þeim og tekur mið af þörfum þeirra. Nemendurnir eiga rétt á að geta þroskað persónuleika sína, hæfileika og sköpunargáfur, nemendurnir eiga ekki síður að þroskast andlega og líkamlega getu og vera virkir þátttakendur í félagslegu hlið skólasamfélagsins.

Hér koma proskapjálfar sérstaklega vel inn því í menntun þeirra er mikið einblínt á að vera lausnamiðaðir og finna leiðir sem eru út fyrir ramman. Þegar kemur að því að koma til móts við þarfir nemenda með fjölbættar skerðingar þarf oft að fara óhefðbundnar leiðir

til að þeir geti stundað nám. Auk þess sem oft þurfi að nýta umhverfið og hjálpartæki á fjölbreyttan hátt til þess að nemendurnir geti tekið virkan þátt í starfi skólans.

Í 4. grein er sagt frá hlutverki sveitarfélaganna en þau eiga að gæta þess að þessir nemendur fái þann sérstaka stuðning sem þau eiga rétt á í samræmi við sérþarfir þeirra, en nemendurnir eiga rétt á að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skólanum án aðgreiningar og án tillits til líkamslegs eða andlegs atgervis.

Mikilvægt er að nemendur með fjölpættar skerðingar fái alla þá þjónustu sem þeim er nauðsynleg og þá er það sérstaklega gott að hafa aðgengi að henni í skólunum. Þetta er ekki einungis gott fyrir nemandann heldur foreldra hans líka því þá geta þeir stunda vinnu sína án þess að þurfa sífellt að skreppa frá.

Það sem virðist of gleymast er félagslegur stuðningur, þessir nemendur líkt og allir aðrir hafa þörf fyrir samskiptum og að eiga vini. En þrátt fyrir þetta kunna þau ekki alltaf eins vel hvernig eigi að haga sér í félagslegum aðstæðum eða þurfa aðstoð til að geta tekið þátt. Þá geta þroskaþjálfar notað sína styrkleika til að finna leiðir til að aðstoða nemandann við að taka þátt og kenna honum viðeigandi hegðun í félagslegum aðstæðum.

Að lokum eiga nemendur að geta nýtt sér viðeigandi samskiptamáta hvort sem það er táknmál, blindraletur, blisstöflur, tákni með tali auk þess eiga þau rétt á viðeigandi tækjabúnaði, aðlöguðum námsgögnum, aðstöðu og kennslu til að stuðla að sem bestu mögulegri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010).

Þegar kemur að því að finna óhefðbundnar tjáskiptaleiðir fyrir nemendur þurfa þroskaþjálfar að gæta þess að kynna sér allar þær ólíku leiðir til þess að geta fundið út hvað gæti hentað. Auk þess sem þeir þurfa að kynna þessari leiðir fyrir foreldrum og öðru starfsfólki skólans, svo að allir geti átt í samskiptum við nemandann.

Nemendur með fjölpættar skerðingar þurfa oft að notast við óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, en svo eru aðrir sem enn hafa ekki fundið sína tjáskiptaleið. Þroskaþjálfar þurfa því að fylgjast með nýjum leiðum til tjáskiptum til þess að geta veitt nemendum þessa mikilvægu þjónustu.

Í 9. grein er sagt frá móttökuáætlun sem grunnskólarnir eiga að setja fram áður en nemandi með sérþarfir byrjar í skólanum, þar skal meðal annars koma fram skipulag kennslunnar sem nemandanum verður veitt, skipulag einstaklingsnámskrár, hvaða kennsluhættir verða notaðir og hvernig námsmat fer fram. Í áætluninni skal einnig vera sagt frá hvernig skólinn hyggst vinna að félagslegri þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, eins og félagslífi og tómstundastarfi skólans. Auk þess skal vera greint frá hlutverki

umsjónakennara, sérkennara og annara fagaðila innan skólans og hvernig unnið verður að samstarfi við foreldra (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010).

Þessar áætlanir eru mjög mikilvægar og þá helst fyrir foreldra til þess að vita hvað er væntanlegt eftir að barn þeirra byrjar í grunnskóla. Það er mjög algengt að foreldrar kvíði því að barnið fari í grunnskóla því þar er þjónustan talsvert ólík þeirri sem er í leikskólum. En það er ekki nóg að gera þessa áætlun heldur þurfa skólarnir og starfmenn hans þar á meðal þroskaþjálfar að gæta þess að unnið er eftir henni. Þá er gott að hafa einn umsjónarmann sem getur fylgst með því að henni sé fylgt og að ekki sé brotið á réttum nemandans.

8. grein fjallar um þann stuðning sem nemendurnir eiga rétt á og kemur þar fram að stuðningur við einstaka nemendur eða hóp felst í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem eiga að koma til móts við þarfir þeirra og skal þessi stuðningur fara fram innan skólans án aðgreiningar. Í 11. grein er talað um sérstakan stuðning en hann getur meðal annars falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum og kennsluaðferðum. Ef nemandi fær slíkan stuðning skal gera rökstudda einstaklingsnámskrá sem byggist á þeim upplýsingum sem sýna heildaraðstæður nemenda og athuganir og mat á stöðu hans í námi og þroska, og skal þessi námskrá vera endurskoðuð reglulega í samstarfi við foreldra og nemandann ef hann hefur getu og til þess (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010).

Þegar líða fer að lokum grunnskólagöngu nemenda með sérþarfir skulu kennara og aðrir fagaðilar sem vinna með nemendanum ásamt nemandanum og foreldrum hans undirbúa tilfærsluáætlun. Þessi áætlun byggist á einstaklingsáætlun og þeim gögnum sem fyrir liggja um nemandann. Í áætluninni eiga að vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, hverjar núverandi aðstæður hans eru, staða hans og hver áform hans eru til frekari náms, auk þess eiga að koma fram upplýsingar um fyrirhugað nám við hæfi í framhaldsskóla og seinna meir til þátttöku í atvinnulífinu (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010).

3.5 Lög um framhaldsskóla

Þeir nemendur sem hafa lokið grunnskólanámi eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku í samfélaginu með því að bjóða þeim nám við hæfi. Framhaldsskólum er ætlað að búa nemendur sína undir þátttöku í atvinnulífinu og til frekari náms, þeir eiga einnig að leitast við að efla færni nemenda sinna meðal annars í að

efla siðferðisvitund, frumkvæði, sjálfstraust, umburðarlyndi og sjálfstæð vinnubrögð (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Nemendur með fjölpættar skerðingar hafa jafn mikinn rétt og aðrir nemendur til þess að stunda nám í framhaldskólum þó svo að nám þeirra sé talsvert ólíkt því sem gengur og gerist. Nám þeirra fellur hugsanlega ekki undir alla þá þætti sem nefndir eru hér að ofan en það uppfyllir mikilvægasta hlutann, sem ég tel vera að stuðla að alhliða þroska með því að bjóða upp á nám við hæfi.

Menntamálaráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur á sérstakri námsbraut við skólann fyrir nemendur með fötlun. Nemendur með fötlun, tilfinningalega eða félagslega örðugleika eiga rétt á að stunda nám í framhaldsskólum og fá sérstakan stuðning í námi, auk þess sem þeir eiga rétt á sérfræðilegri aðstoð og viðeigandi aðbúnaði ef þörf er á. Nemendur með fötlun eiga að stunda sitt nám samhliða öðrum eftir því sem þeir best geta (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Með þessari grein er verið að gæta þess að allir nemendur hvort sem þeir eru með fjölpættar skerðingar eða einhverfu fái nám við hæfi. Ég tel það vera kost að einn skóli sérhæfi sig í þjónustu fyrir ákveðin hóp nemenda svo lengi sem það gefi ekki öðrum skólum leyfi til að neita þessum hópi um skólavist. Með því að hafa skóla með sérþekkingu ættu aðrir skólar að geta leitað til hans ef þá vantar ráðgjöf.

3.6 Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla

Líkt og í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er til reglugerð sem snýr að nemendum með sérþarfir í framhaldsskóla (nr. 230/2012) í 2. grein þeirra reglugerðar eru settar fram skilgreiningar og eru nemendur með sérþarfir skilgreindir alveg eins í báðum reglugerðum. Auk þess er skilgreint hvað metnar sérþarfir eru og er þar átt við upplýsingar frá viðurkenndum greiningaraðilum og sérfræðingum um sértækar náms- og félagslegar þarfir og geta veitt viðeigandi þjónustu og ráðgjöf svo sem sálfræðinga og þroskaþjálfara.

Markmið reglugerðarinnar (nr. 220/2012) kemur fram í 3. grein og eru þau alveg eins og markmið reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla fyrir utan að eitt auka markmið sem snýr að því að undirbúa nemendur með viðunandi hætti til að lifa sjálfstæðu lífi, taka þátt í atvinnulífinu og/eða frekari náms. Réttur nemanda kemur fram í 5. grein og eru þau einnig sú sömu og hjá nemendum í grunnskóla.

9. – 11. grein fjalla um fyrirkomulag kennslu og stuðnings fyrir nemendur með sérþarfir, þar kemur meðal annars fram að árlega eigi að gera áætlun um stuðning í námi og kennslu sem metin er út frá sérþörfum nemenda. Í þessari áætlun skal koma fram

heildarskipulag náms og stuðnings sem grundvölluð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemenda og mati á stöðu þeirra í námi úr grunnskóla enn fremur skal áætlunin taka mið af tilfærsluáætlun nemendanna úr grunnskóla. Einnig kemur fram að nemendur með sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðning sem getur falið í sér sveigjanlegt námsumhverfi, námsgöng sniðin út frá þörfum nemandans og sérhæft námsmat (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla, nr. 230/20102).

Eftir að nemandi hefur útskrifast úr framhaldsskóla á að fylgja honum einstaklingsbundin tilfærsluáætlun sem inniheldur skriflega upplýsingar um náms- og félagslega stöðu nemandans og brautskráningarskírteini, líkt og fylgdi honum úr grunnskóla, þetta kemur fram í 13. grein. Í áætluninni eru skráðar upplýsingar um þróun í námi og starfsþjálfun, framtíðaráform nemenda, áhugi, óskir og hæfni hans. Auk þess skal koma fram hvernig eftirfylgni nemandinn þarf og hvernig henni ætti að vera háttað, nemandinn og foreldrar hans skulu taka þátt í gerð þessara áætlunar (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla, nr. 230/20102).

3.7 Aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla

Í lögum um leikskóla (90/2008), grunnskóla (91/2008) og framhaldsskóla (92/2008) er sagt frá að menntamálaráðherra eigi að setja fram aðalnámsskrá sem skólar eru skyldugir að fylgja eftir. Þrátt fyrir að skólastigin séu mjög ólík eiga þau sameiginlega hluti og verður farið nánar út í þá hér að neðan.

Fram kemur í lögum um skóla á öllum stigum að skólastarf skuli byggjast á aðalnámsskrá, og er hún því rammi skólastarfsins og birtir heildarsýn um menntun og fer dýpra í þær menntastefnur sem fram koma í lögum. Aðalnámsskráin er ætluð öllum sem að skólanum koma hvort sem það eru stjórnendur eða skólaliðar, auk þess veitir hún nemendum, foreldrum og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skólanna. Talað er um að aðalnámsskráin sé eins og samningur sem þjóðin gerir við sjálfan sig um menntamál (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a; b; c).

Hlutverk aðalnámsskrár er meðal annars að birta menntastefnu stjórnvalda, námsframboð, námskröfur og eru skólum og starfsmönnum hans skylt að fylgja henni þegar skipuleggja á skólastarfið. Námskránni er ætlað að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms í samræmi við núgildandi lög og menntastefnur. Námskráin er eitt helsta stjórnar- og matstæki sem mennta- og menningarráðuneytið á til að tryggja að samræmi og samhæfing sé innan grunnskóla og til að hafa eftirlit með gæðum og framkvæmd starfsins. Námskráin veitir nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi skólans byggist á, auk þess veitir hún upplýsingar um menntun barna og ungmenna á hverju skólastigi. Að lokum er námskráin einnig til

hliðsjónar fyrir þá sem sjá um menntun kennara og annars fagfólks innan skólanna og fyrir þá sem búa til námsgögn, stunda rannsóknir og sjá um úttektir á skólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a; b; c).

Í aðalnámskrá kemur fram sameiginlegur tilgangur skólastiganna þriggja og eru það meðal annars að skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í viðeigandi lögum. Allir skólar landsins mynda eina heild sem kallast skólakerfið og er því ætlað að tryggja samræmi og samhengi í menntun frá leikskóla til háskóla og fullorðinsfræðslu. Á Íslandi er lögð áhersla á heildstæða menntastefnu og skýr skil milli skólastiga þetta er gert til að nemendur geti flust eðlilega á milli í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Á skólastigunum er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við ólíka einstaklinga með mismunandi námsþarfir með það að markmiði að stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a; b; c).

Megin hlutverk skólanna er að stuðla að almennri menntun nemenda sinna, skólarnir eiga að leitast við að haga störfum sínum sem best í samræmi við stöðu og þarfir nemendanna. En hvað er almenn menntun? Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít, heldur er hún bundin við stað og stund og í sumum tilfellum jafnvel einstaklingsbundin. Almenn menntun stuðlar þó alltaf að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við þær áskoranir sem koma upp í okkar daglega lífi. Almenn menntun nýtist við að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa þær áskoranir sem koma upp í flóknu samfélagi. Hún er því bæði einstaklingsmiðuð og samfélagsmiðuð á sama tíma (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a; b; c).

Í gegnum allt virðist sem helstu áherslur í tengslum við nám barna og ungmenna á Íslandi liggja í að hver nemandi fái nám við hæfi. Þetta er einnig undirstaða þess að nemendur með fjölbættar skerðingar geti stundað nám því allt sem kallast hefðbundið nám hentar þeim ekki. Þessir nemendur þurfa að fá tækifæri á að láta hæfileika sína skína en til þess þarf oft að fara óhefðbundnar leiðir. Þeirra nám byggist ekki á lestri, skrift og stærðfræði heldur á skynnámi og hreyfingu og list- og verkgreinum.

Ekki er talað sérstaklega um nemendur með sérþarfir í aðalnámskrá leikskóla að öðru leiti en að öll börn eigi rétt á að fara í leikskóla og að þörfum þeirra sé mætt. Ástæðan fyrir því að það er svo gæti verið vegna einstaklega góðri sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar sem var farið í hér að ofan. En í aðalnámskrá grunnskóla og framhaldskóla er í raun verið að endurtaka það sem fram kemur í reglugerðum um

nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum og verður því ekki rætt um það sérstaklega hér.

4 Skilgreiningar og flokkanir

Fyrstu lög sem varða skólagöngu barna voru tekin í gildi árið 1936 og þar kom fram að þeir sem töldust ekki hafa líkamlega eða andlega heilsu eða sigæði til þess að stunda skóla væri synjuð um skólagöngu (Gretar L. Marinósson, 2003). Það er því greinilegt að árið 1936 var börnum með fötlun ekki boðið upp á að ganga í skóla, frekar var reynt að fela þennan hóp barna og þau sett á stofnun.

Tíu árum síðar eða árið 1946 voru sett fram ný lög þar sem hugsanlegt er að börn með fötlun hafi að einhverju leiti fengið að ganga í skóla. Í nýju lögunum kom fram að skólinn ætti að skipuleggja starf sitt í samræmi við þarfir og eðli nemenda. Þrátt fyrir þetta hafa skólar á þessum tíma líklega ráðið illa við kennslu fyrir þessi börn því kennslan fór aðallega fram í stórum hópum (Gretar L. Marinósson, 2003). En það hefur þó sýnt sig að börn sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða eiga oft erfitt að stunda nám innan um stóran nemanda hóp nema að þau fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Höfundur þessara ritgerðar efast stórlega um að það hafi verið svo á þessum tímum og trúir því að skólaganga þessara barna hafi oft á tímum verið mjög erfið og mjög stopul ef nokkur.

Stöðug þróun hefur þó verið í skólaþjónustu almennt til dæmis var það árið 1974 þar sem fest var í lögum að börn á aldrinum sjö til fimmtán ára ættu rétt á því að stunda nám (Gretar L. Marinósson, 2003). En í dag eru það öll börn á aldrinum sex til sextán sem eiga rétt á því að stunda nám í sínum hverfis-skóla án aðgreiningar vegna líkamlegs eða andlegs atgervis (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Með öðrum orðum þá eru almennu grunnskólarnir skyldaðir til þess að taka við hvaða nemendum sem er og sinna náminu út frá þeirra þörfum. Því miður er raunin ekki alltaf sú að skólarnir geri þetta og þrátt fyrir stöðuga baráttu foreldra, þegar að þessari stöðu er komið er gott fyrir foreldra að hafa aðgegni að sérhæfðari úrræðum í grunnskólum. Hér er um að ræða sérdeildir innan almennra grunnskóla eða sérskóla líkt og Klettaskóla.

Vandamálið er þó ekki leyst með þessum sérhæfðari úrræðum því það komast ekki hvaða nemendur sem er í þessi úrræði og er því nauðsynlegt að flokka nemendur á einhvern hátt. En hvað felst í þessum flokkunum? Hér fyrir neðan verður farið í almenn flokkunar kerfi og hvernig nemendum er flokkaðir í hópa, hvort þessi flokkun sé í raun nauðsynleg og á hvaða grunni hún stendur.

Flokkun er eitt almennasta einkenni hugsunar okkar og birtist hún meðal annars í athöfnum okkar. Við þurfum að læra að koma auga á og afmarka ákveðin fyrirbæri, skilja

eðli þeirra og hlutverk til þess að geta áttað okkur á félagslegum heimi okkar og getað tjáð okkur innan hans. Flokkun þarf því ekki alltaf að vera neikvæð sérstaklega ef hún kemur reglu á óreglu, auðveldar flókinn veruleika og hjálpar okkur við að eiga samskipti við aðra. Því má segja að við ákveðum ekki hvort við flokkum eða ekki heldur snýst þetta um hvernig við kjósum að flokka sem skiptir máli (Gretar L. Marinósson, 2003).

Miklar framfarir áttu sér stað í læknisfræði upp úr miðri 20. öld sem gerði það að verkum að enn fleiri voru að lifa af sjúkdóma og slyss og voru þar af leiðandi fleiri sem áttu við langvarandi skerðingu á færni. Vegna þessa var farið í að búa til kerfi sem ætluð eru að flokka og skrá áhrif sjúkdóma og slysa á daglegt líf fólks. Fyrsta flokkunarkerfið kom árið 1980 sem kallað var ICDH og er þýtt á íslensku sem *Alþjóðlega flokkunarkerfið um skerðingu, fötlun og örorku*. Þetta kerfi kom frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og fékk stofnunin hina ýmsu sérfræðinga á sviði heilbrigðisfræða til að vinna að því. Hugmyndafræði ICDH var eingöngu byggð á læknisfræði og var því litið á skerðingu, fötlun og örorku sem beina afleiðingu af sjúkdómum (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006).

Það er því hægt að segja að þetta hafi verið upphafið á læknisfræðilega sjónarhorninu á fötlun sem var ríkjandi sjónarhorn á fötlun hér áður fyrr. Með læknisfræðilega sjónarhorninu var verið að vinna að því að lækna þá sem voru með skerðingar eða fötlun. Stofnanamenning fylgdi þessu sjónarhorni og var reynt að koma þessum einstaklingum eins fljótt og hægt var inn á stofnanir þar sem þau voru fjarri samfélaginu, því það var talið að þau gætu ekki tekið þátt í því (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006).

Samkvæmt ICDH var sjúkdómurinn eða röskunin eitthvað sem bjó innra með einstaklingum, en skerðing var talin vera ytra birtingarform þessara röskunar og er skilgreind sem vöntun eða frávik á sálrænni, lífeðlisfræðilegri eða líffræðilegri starfssemi eða byggingu. Fötlun var talin vera skortur á getu einstaklings til að framkvæma daglegar athafnir á þann hátt sem talið var eðlilegt. Örorka var hins vegar sögð vera afleiðing í hinu samfélagslega samhengi og snerist skilgreiningin að því sem talið var óhagkvæmt fyrir einstaklinginn. Til dæmis leiddi örorkan til takmarkaðra möguleika einstaklingsins til að gegna þeim hlutverkum sem sögð eru dæmigerð fyrir hann með tilliti til aldurs, kyns og félagslegrar stöðu (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006). Með þessu sést vel læknisfræðilega sýnin á fötlun og mikið talað um það sem talið er *eðlilegt* en málið er að hugtakið eðlilegt er ekki með eina ákveðna skýringu heldur er það persónubundið. Fyrir þá sem eru með fötlun og hafa lifað með hana alla ævi telja það vera eðlilegt og hver getur þá sagt að hans innkoma í samfélaginu sé óeðlileg.

Hagsmunasambönd fatlaðs fólks og fagfólk sem vann innan endurhæfingar og félagslegra þjónustu gagnrýndu ICIDH mikið og þá helst vegna þeirra orsakasambanda sem sögð voru milli skerðinga, föltunar og örorku. Auk þess var gagnrýnt sérstaklega að ekki skyldi vera tekið mark áhrifum umhverfisins á möguleika einstaklinga til að taka þátt í samfélaginu og gegna því hlutverki sem þeim var sett (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006). Hér er fyrst verið að koma inn á félagslegt sjónarhorn á fötlun sem segir að fötlun liggja ekki bara hjá einstaklingnum og nauðsynlegt sé að laga hana, heldur að vandamálið liggja hjá samfélaginu. Í örðum orðum er hægt að segja að húsnaði sem er ekki ætlað fyrir fólk í hjólastólum sé að valda fötluninni en ekki það að fólk geti ekki gengið sjálf.

Á endanum var ákveðið að endurskoða flokkunarkerfið vegna þess að ICIDH fullnægði ekki lengur þörfum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Við endurgerðina voru ekki einungis fengnir heilbrigðis sérfræðingar heldu komu einnig sérfræðinga frá samtökum fatlaðs fólks. Nýja kefið kom út árið 2001 og var kallað ICF og þýtt á íslensku sem *Alþjóðlega flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu* (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006).

ICF leitast við að sameina tvær andstæður það er að segja læknisfræðilega sjónarhornið og félagslega sjónarhornið. Með því að sameina þessi tvö sjónarhorn er leitast við að búa til heildstætt kerfið sem nær til allra, bæði fatlaðs og ófatlaðs fólks, með þessu hlutleysi er reynt að draga úr hinni neikvæðu ímynd af heilsufari, færni og fötlun (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir). Þegar talað er um neikvæða ímynda af heilsufari, færni og fötlun er verið að tala um þá tengingu að þeir einstaklingar sem eru með fötlun eða skerðingu á færni séu ósjálfrátt taldir vera óheilbrigðir. Þetta sést til dæmis mjög vel þegar börn fæðast þá fá foreldrar spurningu frá sínum nánustu um hvort barnið sé heilbriggt. En við þessa spurningu er þó oftast verið að kanna hvort barnið sé fatlað eða ekki. Þrátt fyrir að barn fæðist með Downs heilkenni, til að mynda, þýðir ekki að það sé óheilbriggt.

Samkvæmt ICF er fötlun tákn fyrir neikvæða útkomu, eins og færni þá birtist fötlun í þremur víddum – skerðing, hömlun í athöfnum og takmarkaðri þátttöku í samfélaginu. Skerðing er talin vera frávik í líkamsstarfsemi eða líkamsbyggingu, hömlun í athöfnum kemur fram í erfiðleikum sem einstaklingurinn glímir við í ákveðnum athöfnum. Takmörkuð þátttaka er sögð lýsa vanda einstaklingsins til að öðlast hlutdeild í fjölbreytilegum hversdagslegum aðstæðum. Fötlun er því talin vera afleiðing

ófullkominnar samsvörunar en ekki bein afleiðing heilsuröskunar (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir).

Förum aftur að flokkun nemenda. Þegar námshópar verða of stórir og fjölbreyttir þarf að skipta þeim upp til þess að ná að halda stjórn á hópnum, til að jafna aðgengi nemenda að aðstoð og til þess að hægt sé að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga. Ef flokkun nemenda er byggð á þessum þremur atriðum má segja að flokkunin sé gerð í anda réttlætis og skilvirkni, því hún auðveldar stjórnun og sýnir nemendum umhyggju. Tilgangur þess að flokka nemendur er meðal annars til þess að skipta gæðum niður á réttlátan hátt og gera rekstur skólans eða kerfisins skilvirkara, dæmi um flokkun nemenda eru bekkjar einingarnar en þær eru skiptar eftir aldri (Gretar L. Marinósson, 2003). Það væri ekki rétt látt að hafa nemenda sem er átta ára í bekk með nemendum sem eru fjórtán ára. En það má einnig teljast óréttlátt að gera sömu kröfur á nemenda sem er átta ára en með þroskaskerðingu í bekk með öðrum átta ára börnum án þess að nemandinn sé með sérstuðning innan hans.

Ef við værum ekki með þessa flokka væri erfitt að ákveða hvaða nemendur ættu rétt á stuðningi en það er einnig mikilvægt að gæta þess að skólarnir séu ekki með öfgafullar flokkanir sem leiða til aðgreiningar. Að mati höfundar þessara ritgerðar eru þessir tveir hlutir mjög ólíkir það er að segja flokkun og aðgreining. Með aðgreiningu er meðal annars hægt að koma í veg fyrir að nemendur fái tækifæri á að taka þátt í athöfnum með bekkjarfélögum sínum.

Hér á eftir mun ég fjalla um börn og ungmenni með fjölþættar skerðingar eða eru fjölfötluð en erfitt er að finna eiginlega skilgreiningu fyrir þennan hóp. Samkvæmt Tryggingarstofnun (2015) telst einstaklingur vera með fjölþættar skerðingar ef hann er í hjólastól, hefur mikla þroskahömlun og þarf á aðstoð allan sólarhringinn. Þetta er sú skilgreining sem notuð er sem viðmið fyrir umönnunarbætur sem er fjárhagsaðstoð fyrir foreldra og forráðamenn fatlaðra og/eða langveikra barna.

Í stuttu máli er hægt að segja að þeir einstaklingar sem teljast vera með fjölþættar skerðingar séu með tvær eða fleiri greiningar á einhvers konar fötlun. Þetta gæti verið einstaklingur með fjórlömum (CP), þroskahömlun og málþroskaröskun.

5 Viðtalskönnun

Vegna skorts á heimildum tengdu efninu var ákveðið að gera viðtalskönnun og eins og fram kom í inngangum voru þrjár skólar sérstaklega teknir fyrir og voru þeir Múlaborg, Klettaskóli og FÁ. Ástæðan fyrir þessu var sérstaða þeirra í þjónustu fyrir börn og ungmenni með fjölþættar skerðingar. Höfundur þessa ritgerðar leitað því til allara skólanna eftir því að fá viðtal við þroskaþjálfara eða aðra stjórnendur. Markmið viðtalanna var að fá betri sýn yfir þá þjónustu sem í boði eru fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og hvert hlutverk þroskaþjálfara sé innan þess.

Alls voru tekin þrjú viðtöl við fjóra einstaklinga, Rebekku Jónsdóttur leikskólustjóra á Múlaborg, Valgerði Marinósdóttur og Ásu Rún Ingimarsdóttir ráðgjafaþroskaþjálfara í Klettaskóla og Halldór Gísli Bjarnarson kennslustjóra sérnámsbrautarinnar í FÁ.

Allir viðmælendur mínir eru þroskaþjálfar með viðbótarmenntun fyrir utan Rebekku sem er leikskólakennari og eiga þau það sameiginlegt að hafa unnið lengi með fólki með fötlun. Einnig hafa þau öll nema Ása verið að vinna í viðkomandi skólum í meira en tíu ár og því óhætt að segja að þau hafa mjög mikla reynslu á þessu sviði.

Viðtölin voru öll í um það bil 40 mínútur spurningarnar voru ekki alltaf þær sömu en þó voru nokkara lykilspurningar sem allir svöruðu. Í viðtalinu hjá Klettaskóla þurfti að vísu að aðlaga spurningarnar að þeirri þjónustu sem boðið er upp á þar. Hægt er að sjá lykilspurningar í viðauka.

6 Helstu niðurstöður viðtala

Hér fyrir neðan verður farið greint frá því sem fram komu úr viðtölum sem tekin voru auk þess sem sagt verður frá upplifun höfundar frá vettvangaheimsóknum í skólana. Köflunum verður skipt niður eftir lykilspurningunum og verður þar farið út í það helsta sem fram kom.

6.1 Skólarnir

Það verður aðeins farið lítillega í skólanna hér vegna þeirra umfjöllunar sem hefur nú þegar komið fram, En þessi texti er þó að vissu leiti frábrugðin þar sem upplýsingarnar hér koma frá viðtölunum.

Fram kemur í námskrá Múlaborgar að lögð sé áhersla á jafnrétti í víðum skilning og leggur Rebekka sig fram við það að því sé fylgt eftir. Með þessu er ekki aðeins átt við þá fjölbreyttu nemendur sem eru við skólann heldur einnig starfsfólkið, nokkur fjöldi starfsmanna skólans er af erlendum uppruna og margir karlar vinna í Múlaborg. Múlaborg leggur einnig áherslu á að flokka börnin sem minnst og einblína á að börn séu fyrst og fremst bara börn. Þau gæta þess að vera ekki að taka börnin út úr sínu náttúrulega umhverfi og einbeita sér að því að börn læra best í gengum leik.

Fjórar deildir eru á Múlaborg og inn á hverri deild er deildastjóri en á hverri deild er líka yfirþroskaþjálfari. Fjöldi barna með stuðning er frekar mismunandi eftir deildum en það eru 8 pláss sem eru sérstaklega ætluð börnum með fötlun, en í dag eru þó fleiri börn innan leikskólans. Það eru til dæmis þrjú börn á yngstu deildinni sem eru öll með átta tíma í stuðning.

Umsjónamaður sérkennslu er þroskaþjálfari en hún sér um utanumhald fyrir öll börnin, fer yfir einstaklingsáætlanir og kallar saman teymisfundi svo eitthvað sé nefnt. Þroskaþjálfar sem eru inn á deildum geta einnig leitað til hennar ef þá vantar aðstoð eða hugmyndir. Það eru því alltaf að minnsta kosti fimm þroskaþjálfar að vinna á Múlaborg hverju sinni.

Klettaskóli er eini sérskólinn á landinu sem er ætlaður börnum með þroskahömlun, og eru inntökuskilyrðin þannig að nemendur þurfa að vera með miðlungs eða alvarlega þroskahömlun eða væga þroskahömlun og aðra viðbótar fötlun. Það er því meiri hluti nemenda í Klettaskóla sem falla undir skilgreininguna nemendur með fjölþættar skerðingar. Nemendur skólans er flokkaðir niður eftir árgöngum og eru því þjónustu þörf nemenda í hverjum bekk ólík.

Fjöldi nemenda í skólanum er mismunandi eftir skólaárum og sum árin hafa aðeins komið þrjú nýir nemendur í skólann en önnur ár hafa allt að 17 nemendur komið nýir inn. Eru það bæði nemendur sem eru að byrja í 1. bekk eða eru að flytja úr öðrum skólum. Klettaskóli neitar engum inngöngu nema að hann hreinlega standist ekki inntökuskilyrðin.

Í hverjum bekk er að minnsta kosti einn kennari og reynt er að hafa alla vega einn þroskaþjálfara líka, það eru þó sumir bekkir sem eru með fleiri en einn þroskaþjálfara til dæmis eru þrjú þroskaþjálfarar í 1. bekk en þeir eru ekki allir 100% inn í bekknum. Á móti eru sumir bekkir ekki með neinn þroskaþjálfara en þeir geta þá alltaf leitað til annarra þroskaþjálfara, en í heildina eru 13 þroskaþjálfarar innan skólans. Auk þess að vera með fagfólk inn í hverjum bekk eru stuðningsfulltrúar sem vinna undir handleiðslu þroskaþjálfara og kennara.

Hugmyndafræði Klettaskóla byggir á list og verkgreinum, sjónrænu skipulagi og myndrænum fyrirætlunum auk þess sem notkun á iPad er mikil í skólanum. En allt nám í Klettaskóla er einstaklingsmiðað og orðaði Ása það mjög vel í viðtalinu „við erum með 112 nemendur og við erum með 112 leiðir að markmiðunum“. Allir nemendur skólans eru með einstaklingsáætlanir sem eru gerðar í samvinnu við foreldra og er útbúin að þeim fagaðila sem sér um umsjón hvers nemanda.

Sérnámsbrautin í FÁ er svipuð öðrum brautum en þar koma nemendur inn þegar þau hafa lokið grunnskólanámi og útskrifast við 20 ára aldur. Það eru engin inntökuskilyrði en FÁ er móðurskóli fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og neita þau ekki neinum nemendum með fjölþættar skerðingar inngöngu.

Í FÁ er 30 nemendur og er hópnun ekki skipt eftir árgöngum heldur er þeim skipt í þrjú námshópa út frá hvaða nám hentar á hverjum stað eða út frá námsframboði. Hóparnir draga nöfn sín af heimastofnunum eða kennslustofum þeirra. Fyrsti hópurinn er kallaður 103 hópurinn, annar hópurinn er 105 hópurinn og sá þriðji er 107 hópurinn. Á brautinni starfa þrjú þroskaþjálfarar en svo eru tveir aðrir sem eru komnir með framhaldsskólaréttindi líka.

Nemendur í 103 hópnunum eru öll frekar mikið í bóklegu námi, þar eru krakkar sem fara dálítið í almenna áfanga eins og myndlist, íþróttir eða áfanga sem fjallar um kvikmyndir. Þau eru samt sem áður öll í íslensku, stærðfræði, ensku og öðru slíku í sinni heimastofu og er námsefnið aðlagð að þeirra þörfum.

Nemendur í 105 hópnunum þurfa aðstoð við margt í daglegu lífi og snýst þeirra nám aðallega að íslensku, stærðfræði og smá ensku, auk þess sem mikið er lagt upp úr hreyfingu, heimilisfræði og það mikilvægasta er lífsleiki þar sem verið er að kenna ADL

(aðhlygning í daglegu lífi). Þessir nemendur eru ekki mikið að fara í almenna áfanga en þau fara frekar í 103 hópinn ef eitthvað áhugavert er í gangi þar.

Nemendurnir í 107 hópnum koma öll úr Safamýraskóla og þar eru nemendur með alvarlegar þroskahamlanir og flestir með hreyfihömlun líka, þau þurfa því aðstoð við allt sem við kemur daglegum athöfnum. Hjá þeim er lögð áhersla á skynnám og hreyfingu.

6.2 Teymisvinna og hlutverk þroskaþjálfara í teymi

Teymi er hópur af fagfólki, stuðningsaðilum, foreldrum eða forráðamönnum og nemandanum sjálfum þegar hann hefur náð aldri til þess að segja til um óskir sínar og langanir um líf sitt (munnleg heimild Kristín Lilliendahl, 15. janúar 2014). Þegar talað er um fagfólk er meðal annars átt við þroskaþjálfara, kennara, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, sérskennslustjóra og tengiliði frá greiningarstöð. Það er í raun ekki nein ein formúla af teyimum heldur miðast það allt út frá þeirri þjónustu sem nemandinn þarf á að halda.

Teymisvinnan á að einkennast að því að allir innan þess séu með nemandann í fyrsta sæti og vinni saman að því að finna bestu leiðirnar til þess að hann öðlist bestu mögulegu lífsgæði. Með því að hafa þverfaglegt, fagfólk með mismunandi þekkingu, teymi er hægt að finna bestu leiðina til þess að ná sameiginlegu markmiði. Megintilgangur teymis hópsins er að fylgjast vel með því sem hugsanlega þarf að styðja við hjá einstaklingnum til þess að hann öðlist bestu mögulegu lífsgæði og verði virkur þátttakandi í þjóðfélaginu. Þetta eru ekki bara hlutir sem tengjast því að einstaklingurinn sé á sama þroskastigi og jafnaldrar hans heldur líka þeir hlutir sem hann sjálfur vill ná fram í lífinu. Þannig að hlutverk þeirra sem eru í teyminu er að vega og meta hver staða einstaklingsins er og hvað þurfi að vinna með til þess að uppfylla þarfir og óskir hans (munnleg heimild Kristín Lilliendahl, 15. janúar 2014).

Allir skólarnir eru með teymi í kringum nemendur sína og þrátt fyrir að þessi teymisvinna sé svipuð er margt sem er ólíkt líka. Algengt er að teymisfundir séu haldnir á fimm til sex vikna fresti og er það oft raunin hjá skólunum. Í Múlaborg er alltaf teymisfundir með þessu millibili nema hjá þeim nemendum sem eru með einn til tvo tíma í stuðning þá eru þeir sjaldnar.

Í Klettaskóla er það mjög misjafnt hvernig teymisvinnu er háttað og fer það mikið eftir óskum foreldra. Þá nemendur sem eiga við hegðunarvandamál og er í einhvers konar atferlisþjálfun til þess að koma í veg fyrir óæskilega hegðun eru með teymisfundi á sex vikna fresti. Hjá þeim nemendum sem eru ekki með eins mikla þjónustuþörf og standa sig nokkuð vel í námi eru teymisfundirnir jafnvel bara tvisvar sinnum á ári eða einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Þá vilja foreldrar þessara nemenda jafnvel bara nota sér

foreldrafundi, það er því allur gangur á því hvernig teymisvinnu er háttað í Klettaskóla og geta foreldrar fengið að stjórna því hversu oft þeir eru.

Í FÁ er teymisvinnan einnig ólík eftir nemendum, þegar nýjir nemendur byrja í hóp 103 eru haldnir sérstakir fundir í upphafi skólans og svo tvisvar sinnum á hvorri önn, en eftir það er oftast nóg að halda tvo teymisfundi á ári. Það sama má segja fyrir flesta nemendurna í 105 og 107 hópnum nema að eitthvað sérstakt komi upp þá eru kallaðir sérstakir teymisfundir. Af 30 nemendum eru samt sem áður fimm eða sex nemendur sem þurfa að hafa teymisfundi á sex vikna fresti til þess að fara yfir stöðu mála.

Það er því hægt að segja að eftir því sem nemendur verða eldri og sjálfstæðari því sjaldnar eru haldnir teymisfundir en hjá þeim sem þurfa mikla eða sértæka aðstoð eru teymisfundir haldnir á sex vikna fresti.

Í þeim teymisfundum sem haldnir eru á sex vikna fresti voru allir þeir fagmenn sem koma að barninu, en það virðist vera frekar ólíkt milli skólanna hvaða fagmenn þetta eru. Í Múlaborg eru það til dæmis talmeinafræðingar, sjúkráþjálfar, iðjuþjálfar og starfsfólk leikskólans. En í Klettaskóla eru þetta starfsfólk skólans, skammtímvistanna, frístundaklúbba, auk hinna fagaðilanna. Hjá FÁ eru þetta svipað og hjá Klettaskóla en þar eru jafnvel starfsfólk af sambýlum og læknar. Mikilvægustu aðilarnir í teymunum hjá öllum skólunum eru þó foreldrarnir og geta þeir boðið fleirum að sitja á teymisfundum ef þeir óska þess.

Hlutverk þroskaþjálfra í teymunum er einnig ólíkt milli skólanna en þó sérstaklega milli Múlabogar og hinna tveggja skólanna. Hjá Múlaborg er hlutverk þroskaþjálfans að vera tengill milli foreldranna og deildarinnar, hann situr teymisfundina og miðlar upplýsingum til starfsmanna innan deildarinnar. En umsjónamaður sérkennslu heldur utan um öll gögn passar upp á fundargerðir, hún á að vera inní öllum málum barnanna og vera tegiliður leikskólans út á við, það er að segja annara sérfræðinga. Hjá Klettaskóla og FÁ eru þroskaþjálfar og kennara ekki flokkaðir sem ólíkir hópar heldur er talað um báða sem fagmenntað starfsfólk og eru þeir því með sama hlutverk. Hjá Klettaskóla eru þroskaþjálfar og kennarar með sína umsjónarnemendur en nemendurnir eiga að hafa tvo fagmenn í sínu teymi einn þroskaþjálfra og einn kennara. Það er engin ákveðin rúttína á því hver stjórnar fundunum, ef þroskaþjálfri stjórnar einum fundi þýðir ekki að þeir stjórnri þeim öllum og allt er þetta gert í samstarfi við foreldra. Það hefur þó færst í aukana að ráðgjafarþroskaþjálfar og þá sérstaklega Ása sé að halda utan um alla teymisfundi fyrir þá nemendur sem eru með mikla hegðunarerfiðleika. Í FÁ sér þroskaþjálfinn um að skipuleggja og stýra námi sinna umsjónanemenda og sjá um að gera einstaklingsáætlanir.

Hann hefur samband við foreldra eða starfsfólk sambýla til að kalla saman teymisfundir ef það er talin vera þörf á því og heldur utan um þau gögn sem fram koma á fundunum.

6.3 Þjónusta fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfara

Ein af mikilvægustu spurningunni sem spurð var fjallaði um hvernig: *Hvernig er þjónusta fyrir þá nemendur sem eru með fjölþættar skerðingar frábrugðin þjónustu fyrir ófatlaða nemendur?* Með þessu leitaðist höfundur eftir að komast að því hverjar áherslurnar eru í námi fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar. Svörin voru misjöfn en þó á svipuðu reiki, það var helst Klettaskóli sem skar sig úr og var spurningin til þeirra orðuð: *Hvernig er þjónusta og kennsla fyrir ykkar nemendur frábrugðin þjónustu og kennslu nemenda í öðrum grunnskólum?* Það var einnig spurt *að hvaða marki nemendur með fjölþættar skerðingar taki þátt í almennu starfi skólans?* Verður þessum tveimur spurningum svarað samhliða í kaflanum hér fyrir neðan auk þess sem komið verður inn á hlutverk þroskaþjálfara.

Múlaborg

Rebekka talar um að helstu munurinn hjá hennar nemendum liggi í því að börn með fjölþættar skerðingar eru með stuðning með sér og er sá stuðningur mismikill eftir því hver fötlun barnsins er auk þess sem útbúið er einstaklingsáætlun. Út frá áætluninni eru þessi börn oftast með einhvers konar þjálfunarleiðir sem er ætlað að efla sjálfstæði og lífsgæði þeirra, eins og áður hefur komið fram þá er mikið unnið eftir skipulagðri kennslu í Múlaborg. Útbúið er sjónrænt dagskipulag fyrir alla deildina en sumir nemendur með fjölþættar skerðingar fá einnig einstaklings dagskipulag.

Í Múlaborg taka allir nemendur þátt í öllu starfinu og gæta þau þess sérstaklega vel að hugsa ekki um það sem barnið getur ekki gert heldur einblína þau á að aðstoða barnið við að taka þátt. Rebekka kom vel inn á þetta í viðtalinu og sagði „hjálpartæki þurfa ekki alltaf að vera æfingartæki þau geta líka verið hjálpartæki til að geta tekið þátt“. Þetta er sú hugsun sem ætti að ríkja á öllum leikskólum barnið getur til dæmis verið í göngugrind þegar haldin eru böll til að geta dansað við hina krakkana.

Rebekka nefnir einnig að þegar börnum líður illa í aðstæðum er reynt að finna leiðir til þess að láta því líða vel þó það sé ekki nema bara í smá stund. Þau reyna að hafa allt sjónrænt til að auðvelda börnunum að vera í umhverfinu til dæmis fyrir börn með ofvirkni sem eiga erfitt með að sitja í samveru stund er hægt að nota tímabönd þar sem miði er tekin af bandinu til þess að sýna að tíminn er að líða.

Það var upplifun höfundar að reynt er eftir bestu getu að gera þessi börn ekkert sýnilegri heldur en hin börnin á deildinni með því að gæta þess að líta fyrst og fremst á þau sem börn í stað þess að líta á fötlun þeirra. Með þessu ná börnin að taka þátt í starfinu og leika sér með félögum sínum auk þess að fá einhverja auka þjálfun þess á milli, í staðinn fyrir að þjálfunin komi alltaf í fyrsta sæti.

Það er því á ábyrgð þroskaþjálfans að gæta þess að unnið sé eftir því sem fram kemur í einstaklingsáætluninni, gæta þess að starfsmenn séu ekki að taka barnið of mikið út úr sínum náttúrulegu aðstæðum og að komið sé fram við börn með fötlun alveg eins og önnur börn. Rebekka talar um að hún leggi mikla áherslu á að starfsmenn eigi ekki að vera að sýna þeim börnum sem eru með fjölþættar skerðingar sérstaklega mikinn áhuga frekar en öðrum. Eina sem það gerir er að ýta undir aðgreiningu, kemur hugsanlega í veg fyrir félagslega þátttöku þeirra með jafnöldrum sínum og styrkir jafnvel þá staðalímynd að fatlað fólk séu börn að eilífu og að koma eigi fram við þau öðruvísi en jafnaldra sína.

Auk þess er gerð krafa á þroskaþjálfra innan Múlaborgar að kynna sér vel hvert barn og fötlun þeirra. Rebekka passar einnig upp á að allir starfsmenn séu vel „uppfærðir“ svo að þjónustan á leikskólanum haldi áfram að vaxa og verða betri.

Hlutverk þroskaþjálfra í Múlaborg í vinnu með börnum með fjölþættar skerðingar byggist mikið á því að vera ábyrgðaraðili. Það er á ábyrgð hans að aðrir starfsmenn séu að fara eftir því sem ákveðið er á teymisfundum, vegna þess að þroskaþjálfinn á hverri deild á að sinna öllum börnunum á þeirri deild þarf því annað starfsfólk að koma á móti. Með þessu er leitast eftir að barnið fái meira út úr stuðningunum því fólk er misjafnt og allir hafa sína styrkleika en það mikilvæga er að nýta þá svo að aðrir græði á. Með þessu er líka leitast eftir því að börnin fari ekki að tengja ákveðna starfsmenn við ákveðið barn, en við það fara börnin hugsanlega að bregðast öðruvísi við því barni sem þarf á stuðning að halda.

Klettaskóli

Eins og kom hér fram að ofna þá var spurningin til Ásu og Valgerðar orðuð öðruvísi svo að hún ætti betur við. Það kemur líklega engum á óvart að kennslan sem fer fram í Klettaskóla er talsvert ólík því sem fer fram í almennum skólum. Allir nemendur eru með sína eigin einstaklingsáætlun sem er útbúin af starfsfólki Klettaskóla í miklu samstarfi við foreldra og/eða forráðamenn, auk þess sem fundnar eru leiðir fyrir nemandann til að ná tilsettum markmiðum. Mikið er lagt upp úr því að þessi markmið séu byggð á styrkleikum nemenda í námi og þjálfun, svo að nemandinn sé áhugasamur um að vinna að markmiðunum. Á vorin fá nemendur skriflegar umsagnir um hvernig skólaárið hefur gengið, hvernig gekk að vinna að settum markmiðum og niðurstöður þroska- og

námsmata. Fyrir stuttu var byrjað að vinna að nýju formi fyrir einstaklingsnámskránnar sem eru þá birtar inn á mentor og sést þar sjónrænt hvernig nemenda hefur gengið að ná markmiðum einstaklingsnámskránnar.

Í Klettaskóla er gætt að því að umhverfi nemenda henti hverjum og einum auk þess að náms- og þjálfunargögn séu aðlöguð að hverjum og einum, þau geta hugsanlega verið svipuð milli einstaklinga en það er mjög sjaldgæft að þau séu nákvæmlega eins. Það er einnig lagt mikið upp á list og verkgreinum í Klettaskóla og fundnar eru leiðir fyrir þá nemendur sem eru með minni færni til að taka þátt. Þá voru gerðir sérstakir sköpunar hópar fyrir þá nemendur sem una sér ekki í stærri hópum og fá þau betri tækifæri til þess að vinna í nánu samstarfi við kennara. Nemendur Klettaskóla eiga einnig kost á því að fara í skynnám í sérstöku skynörvunar herbergi, en þar er lögð áherla á að skapa rólegt og notarlegt umhverfi. Í herberginu eru allskyns staðir sem ætlað er að þjálfa mismunandi skynjanir eða til þess að fá tækifæri á að slaka á.

Innan Klettaskóla er gerð krafa á sérþekkingu af starfsmönnum, til dæmis hvernig eigi að bregðast við hegðunarvandamálum auk þess sem krafa er lög á starfsmenn að geta gripið inn í flest verkefni sem koma upp í daglegu starfi. Til þess að ná þessu fram leitar Klettaskóli eftir því að ráða inn starfsfólk sem hefur mikla reynslu og/eða hefur lokið sérfræðinámi.

Fjöldi nemenda í Klettaskóla er mjög breytilegur eftir árum og er stærð árganga frekar misjafn þar hafa til dæmis aðeins komið þrjú nýjir nemendur inn að hausti. Þrátt fyrir þennan breytileika er mikilvægt að þjónustan sé alltaf sú sama og að nálgun við foreldra og nemendur sé byggð á góðum og traustum grunni. Vegna þeirra sérþarfa sem nemendur eru með innan Klettaskóla er mikið um foreldrasamstarf og teymisvinnu eins og fram hefur komið.

Eflaust væri hægt að halda áfram að telja upp hvernig þjónusta í Klettaskóla er frábrugðin almennum grunnskólum en þetta eru helstu atriðin, það er þó vert að segja að þetta gæti passað inn í störf kennara eða þroskaþjálfara í almennum grunnskólum sem sinnir nemenda með fjölpættar skerðingar.

Spurningin um hvernig nemendur taka þátt í almennu starfi átti heldur ekki við fyrir þjónustu Klettaskóla vegna þess að flest allir nemendur skólans eru með fjölpættar skerðingar. Því væri hægt að segja að ekkert almennt starf færi fram ef þau myndu ekki taka þátt. Það er sérstaklega gætt að því ef nemendur er viðkæmir fyrir ljósum og gjarnir að fá flogaveiki og ef nemendum líður illa í hávaða er þeim boðið að hafa heyrnatól. En ef nemendur vilja alls ekki vera í aðstæðunum eru þeir beðnir um að prófa það í smá stund og mega svo fara ef þeim líkar það ekki.

Áherslurnar eru aðeins öðruvísi í Klettaskóla hvað varðar hlutverk þroskaþjálfara. Valgerður kemur mjög vel inn á þetta í viðtalinu og segir að: „Þegar á hólminn er komið þá þurfa allir að geta unnið allt, það þýðir ekki að segja að ég tek ekki svona nemendur ég tek ekki hinsegin nemendur. Það verða allir að geta komið að öllum“. Upplifun höfundar var að svipuðu leiti en raunin var þó sú að þroskaþjálfarnir voru flestir að sinna þeim nemendum sem þurfa á meiri aðstoð að halda en kennararnir sinntu þeim nemendum sem voru nokkuð góðir námslega. Tel ég að það sé alls ekki vegna þess að kennararnir vilji ekki aðstoða hina nemendurna heldur er það vegna þess að nám þeirra hentar betur þessum nemendum og nám þroskaþjálfara hentar betur fyrir þá nemendur sem þurfa á meiri aðstoð að halda.

FÁ

Í þessum kafla verður sjónum aðallega beint að nemendum úr 107 hópnum á sérnámsbrautinni í FÁ, sem þarf á aðstoð að halda við allar daglegar athafnir. Nemendur þar eru einnig með sína einstaklingsáætlun en munurinn á kennslunni þeirra miðað við nemendur í 103 hópnum er talsverður þrátt fyrir að vera byggður á sama grunni. Þeirra nám fer að mestu fram í skynnámi, þá er ekki verið að meina með skynörvun beint heldur læra þau í gengum snertingu, lykt, sjón, heyrn og jafnvel bragði. Þau fara samt sem áður líka í skynörvun líka því sem er í Klettaksskóla þar sem er lögð áhersla á rólegt umhverfi. Þau eru í íslensku og boðskiptum, stærðfræði, náttúrufræði og verklegum greinum eins og tónlist, myndlist og jafn vel heimilisfræði. Heimilisfræðin er þó helst fyrir þá sem taldir eru líklegir til að fara í sjálfstæða búsetu og líklega minnst fyrir 107 hópinn einfaldlega vegna plássleysis. Það er mikið lagt upp á hreyfingu í FÁ og eru þau með litla sundlaug inn á brautinni sem nemendur í 107 hópnum fara í að jafnaði tvisvar sinnum í viku.

Ef það er litið á starf brautarinnar í heildina er einnig talsverður munur á því sem almennt er í framhaldsskólum. Þau eru með fasta og samfellda stundaskrá sem jafngildir 30 kennslustundum á viku, sem þýðir með öðrum orðum að þau eru aðeins í skólanum frá átta til eitt á daginn. Á móti því er kennt í próftímum þar sem nemendur á brautinni fara ekki í próf svo það má segja að skólaárið þeirra sé langra. Auk þess hafa allir nemendur aðlagað námsefni en sumir nemendur eiga kost á því að vera í almennum áföngum eins og fram hefur komið.

Ástandið var frekar ólíkt í FÁ hvað varðar þátttöku nemenda í almennu starfi í skólanum. Halldór talaði um að skólinn væri almennt mjög lélegur í félagslífinu og tengir hann það til þess að nemendur í skólanum eru á svo breiðu aldursbili. Þarna eru nemendur sem hafa hætt í framhaldsskóla og eru komnir aftur eingöngu til þess að klára námið. En nemendur brautarinnar fara allir eitthvað fram til dæmis í frímínútum og

hádegismat þó það sé bara til þess að láta sjá sig, því starfsfólk brautarinnar vilja að þau séu sýnileg í skólanum. Halldór kom með dæmi af skemmtun sem haldin var af skólanum sem hann var búin að vera að auglýsa mikið inn á brautinni en það mættu aðeins tveir nemendur af 30. Það voru nemendur sem búa á sambýli og ákvað starfsfólkið þar að það væri flott að fara á þess skemmtun.

Nemendurnir mæta samt sem áður vel á þá skemmtanir sem haldnar er á brautinni og eru þær skemmtanir tvisvar til þrisvar á önn. Það má því reikna með því að þau hafi ekki mikinn áhuga á að mæta á skemmtanir skólans og líði bara best innan um samnemendur sína af brautinni.

Hjá FÁ var hlutverk þroskaþjálfar svipað og í Klettaskóla þar að segja að þroskaþjálfar hafi sama hlutverk og kennarar; að stjórna námi sinna umsjónanemenda sem felur í sér gerð á einstaklingsáætlun og sjá til þess að henni sé framfylgt. Halldór raðar aftur á móti þroskaþjálfunum frekar í hópa 105 og 107 vegna þess að hann telur að „Þroskaþjálfar eru betri en almennir kennara og sérkennara líka til að vinna með fólki með mikla fötlun“. Með þessu er hann alls ekki að efast um getu kennarana eða þroskaþjálfar heldur er hann að vinna með styrkleika hvers og eins og þeirra sérþekkingu úr námi. Höfundur þessara ritgerðar fann fyrir því sjálf þegar átti að aðstoða nemendur í bóklegu námi að við eru ekki með þá þekkingu líkt og kennarar.

6.4 Ráðgjöf til annarra skóla

Tveir af skólunum þremur eru ráðgjafaskólar, Múlaborg og Klettaskóli, þeir sjá um ráðgjöf fyrir leik- og grunnskóla á landsvísu. FÁ er ekki að sinna neinni ráðgjöf en Halldór talaði um að það væri alltaf opið hús hjá þeim ef fólk vildi fá að koma, skoða og fá ráð. Þau eru í einnig í samvinnu við Verkmenntaskólann á Akureyri og Fjölbrautarskólann í Keflavík þar sem skólarnir miðla upplýsingum sín á milli og vinna að sameiginlegri námsskrá.

Eins og kom fram þá er Múlaborg ráðgjafaskóli og sinnir ráðgjöf fyrir alla þá leikskóla á landinu sem þess óska. Þessi ráðgjöf er frekar misjöfn en oftast eru leikskólar að leita ráðgjafar ef það tekur inn barn með hreyfihömlun og þá vantar að fá að sjá hvernig Múlaborg hefur farið að því að finna leiðir til að barnið geti tekið þátt í starfinu. Þær á Múlaborg hafa útbúið allskonar fyrirlestra sem fjalla um mismunandi fatlanir en það sameiginlega í þeim öllum er áherslan á að leikskóli sé leikskóli og að börn séu fyrst og frest börn. Rebekka sýndi mér einn slíkan fyrirlestur og þar grunnundirstaðan var að: „Börn eru fyrst og fremst börn með sömu frumþarfir, síðan getur hver einstaklingur haft sínar sérþarfir“. Þetta er eitthvað sem gleymist oft þegar barn kemur inn með fötlun því þá á að fara að þjálfar hitt og þetta og missir barnið þá af allir þeirri skemmtun sem fylgir því að vera í leikskóla.

Múlaborg er einnig þekkt fyrir reynslu sína í skipulagðri kennslu og leita leikskólar einnig eftir því að kynna sér hvernig fyrirkomulag þeirra er. Það er að vissu leyti einkennandi að Múlaborg er ekki með neitt „sérkennsluherbergi“ og einblína þau á að sú þjálfun sem fer fram sé í þeirra náttúrulega umhverfi og helst með öðrum börnum líka.

Í Klettaskóla eru eins og áður hefur komið fram tveir ráðgjafarþroskaþjálfar sem skipta með sér 100% stöðu, þær sinna þó mjög ólíkum stöfum. Valgerður er þroskaþjálfari með diplóma í sérkennslufræðum og sinnir mikið ráðgjöf sem tengist kennslu. Ráðgjöfin sem hún veitir fer ýmist fram í gegnum, síma eða tölvupóst en aðallega er hún að taka á móti fólki sem kemur í Klettaskóla og fær að fara í gengum gagnasafnið hjá þeim. Þar geta þroskaþjálfar, kennara eða annað starfsfólk fengið hugmyndir af verkefnum og séð hvernig kennslan fer fram í Klettaskóla. Hlutverk Ásu er aftur á móti meira að veita ráðgjöf innan skólans vegna sérstöðu hennar sem atferlisfræðingur. Þá er leitað til hennar ef nemendur eru með mikla hegðunarferfiðleika til þess að finna leiðir til að koma í veg fyrir þá. Eftir að hafa fundað með kennurum og foreldrum, sett upp skráningarkerfið útbýr hún umbunarkerfi handa nemandanum sem á að vinna gegn óæskilegri hegðun. Ása hefur einnig verið að veita skólum og frístundarheimilum fyrirlestra um óæskilega hegðun og segir þeim frá leiðum sem hún hefur farið til að koma í veg fyrir hana.

6.5 Breytingar á þjónustu

Þegar líða fór á lok viðtalanna var spurt hvort viðmælendurnir myndi vilja sjá einhverjar breytingar í þjónustu fyrir nemendur með fjölbættar skerðingar og voru svörin mjög misjöfn. Þannig það lítur út fyrir að Ísland eigi enn langt í land hvað varðar þjónustu fyrir fatlað fólk.

Rebekka talaði um að hún myndi vilja fá að sjá breytingar á aðgengi almennt á Íslandi og telur hún að fjölbreytileiki einstaklinga eigi eftir að vera viðurkenndur meðal Íslendinga. Auk þess sem að hún vill sjá aukin tengsl milli leik- og grunnskóla sérstaklega vegna þess að svo margir foreldrar kvíða því sem gerist eftir að börn þeirra fara í grunnskóla. Samhliða því vill hún sjá grunnskólana sinna málefnum þeirra nemenda sem eru með fötlun betur, með öðrum orðum má segja að hún vilji að skóli án aðgreiningar standi undir því sem það standi fyrir.

Ása talar um að hún myndi vilja fá fleira starfsfólk svo hægt sé að bjóða upp á maður á mann þjónustu en segir einnig að það sé ekki alltaf það besta því nemendurnir þurfi líka að læra að vinna saman í hóp. Hún talar einnig um að almennir grunnskólar þyrftu að vera virkari og tilbúnari til þess að takast á við nemendur sem falla ekki í formið. Hún nefnir

Þetta í tengslum við það að margir nemendanna í Klettaskóla gætu verið einhver ár í almennum skólum en foreldrar finni sig knúð til þess að sækja um og tekur Valgerður undir þetta.

Valgerður nefnir að aðallega þurfi að breyta því húsnæði sem Klettaskóli er í og er það í vinnslu að stækka skólann svo hægt sé að bjóða upp á betri þjónustu innan hans. Til dæmis með því að skólinn hafi sína eigin sundlaug og talar Valgerður um að það sé hópur nemenda í Klettaskóla sem þyrfti helst að komast í sund á hverjum degi og er það því vonandi að svo verði. Einnig talar hún um bættu úti aðstöðu fyrir nemendur til dæmis með því að útbúa skynjurtagarð og hafa afgirt svæði fyrir þá nemendur sem eru viðkvæmir fyrir vindi.

Í lokinn nefna þær þörf fyrir aukna aðstoð fyrir foreldra heima fyrir, því þær fá oft að heyra um erfiðleika foreldra og að það sé greinilegt að það þurfi að vera meiri hjálp í boði. Ása nefnir það að foreldrar fái ekki liðveislu eða stuðningsfjölskyldu nema að þau þekki einhvern sem er tilbúin að taka þetta að sér því það er engin að sækja um þessar stöður hjá Reykjavíkurborg eða sveitarfélögunum. Ása nefnir einnig að foreldrar sitji þétt utan um skammtíavistanirnar til þess að geta fylgst með hvenær það losni pláss hjá þeim. Valgerður nefnir í kjölfarið að hún sjái fyrir sér skammtíavistun sem væri bara opin um helgar, það kæmust fleiri krakkar inn og að það væri vel mannað á móti.

Halldór í FÁ myndi vilja sjá að skóladagurinn væri frá átta til fjögur, en í dag er nemendurnir eingöngu í skólanum til eitt og þurfa þau því að fara á aðra staði eftir hádegi. Halldóri finnst það var óþarfi að nemendurnir þurfi að vera að flakka svona milli staða og telur hann þetta liggja í höndum Menntamálaráðuneytisins og Velferðaráðuneytisins. Það er menntamálaráðuneytið sem borgar fyrir sérnámsbrautina en það er Velferðaráðuneytið sem borgar fyrir staði eins og hitt húsið og Lyngás sem eru þeir staðir sem nemendur fara á eftir hádegi. Halldór myndi vilja að þessir peningar væru sameinaðir og lagðir til skólans þá þyrftu nemendurnir ekki að vera flakkandi á milli staða.

7 Samantekt viðtala

Hér verður stutt saman tek um helstu niðurstöður viðtalanna og verður þeim skipt niður eftir lykilsurningum líkt og kaflin hér að ofan.

7.1 Skólarnir

Skólarnir þrír eru vissulega ólíkir en undirstaða þeirra er frekar lík, þeir sérhæfa sig allir í þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar, allt nám hjá þeim er einstaklingsmiðað og á öllum stöðum eru starfandi þroskaþjálfar.

Í Múlaborg er lögð mikil áherla á jafnrétti í víðum skilning og mikið lagt upp úr því að framfylgja þeirri stefni bæði meðal barna og starfsmanna. Á leikskólanum eru fjöldi starfsmanna og barna af erlendum upprunna og karlmenn skipa einn þriðja hluta starfsmanna. Múlaborg gætir einnig að því að flokka börnin sem minnst og einblína á að börn séu fyrst og fremst bara börn.

Klettaskóli er eini sérskólinn á landinu sem er ætlaður börnum með þroskahömlun, skólinn er fyrir nemendur frá 1. til 10. bekk og eru nemendur aðeins flokkaðir eftir árgöngum. Þar að leiðandi getur þjónusta þörf nemenda í hverjum bekk verið mjög ólík.

Hugmyndafræði Klettaskóla byggist helst á list og verkgreinum, sjónrænu skipulagi og myndrænum fyrirmælum. Með aukinni tækni þróun hefur notkun á iPad aukist til munar í skólanum og eru nánast allir nemendur skólans komnir með sinn eigin iPad.

Sérnámsbrautin í FÁ er móðurskóli nemenda með fjölþættar skerðingar að öðru leiti er sérnámsbrautin svipuð öðrum brautum þar sem nemendur eru á aldrinum 16 til 20 ára. Alls eru 30 nemendur á brautinni og er þeim skipt niður í þrjá námshópa úr frá því námsframboði eða hvaða nám hentar herjum og einum.

7.2 Teymisvinna

Í öllum skólunum þremur er teymisvinna mikilvæg og stór hluti af störfum þroskaþjálfra. Hlutverk þroskaþjálfra í teymum er helst að halda utan um mál sinna nemenda og vera tengill milli fjölskyldu nemandans, annara fagaðila sem að nemandanum koma og skólans. Lengd milli teymisfunda var mismunandi bæði milli nemenda og milli skóla, í Múlaborg eru fundirnir flestir á sex til átta vikna fresti.

Í Klettaskóla er það meira í höndum foreldra hversu oft fundirnir eru haldnir, sumir telja það óþarfa að hafa teymisfundi og kjósa frekar foreldra viðtöl, en hjá þeim

nemendum sem eru með mikla hegðunarerfiðleika eru fundirnir haldnir á sex til átta vikna fresti.

Hjá FÁ eru fundirnir reglulega í byrjun skólans og fara svo fækkandi teymin hjá flestum nemendum hittast að jafnaði einu sinni á önn. Það eru þó nokkrir nemendur sem teymin þurfa að halda betur utan um stöðu mála og eru fundir hjá þeim á sex til átta vikna fresti.

7.3 Þjónusta fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar og hlutverk þroskaþjálfara

Það kemur líklega fæstum á óvart að skólaganga barna og ungmenna með fjölþættar skerðingar er frábrugðin skólagöngu ófatlaðra barna. Þessi munur er virðist aukast eftir því sem nemandinn eldist.

Í Múlaborg liggur munurinn á þjónustunni að því að börnin eru með stuðning og hafa öll sína einstaklingsáætlun, samhliða þessu eru þau oft með einhverja þjálfunarleið sem ætlað er að auka lífsgæði þeirra og sjálfstæði. Starfsfólk Múlaborgar gætir þess að allir nemendur taki þátt í almennu starfi skólans og þarf starfsfólk oft að finna leiðir til að aðstoða barnið við að taka þátt.

Hlutverk þroskaþjálfara í Múlaborg í vinnu með börnum með fjölþættar skerðingar byggist mikið á því að vera ábyrgðaraðili. Það er á ábyrgð þroskaþjálfans að gæta þess að unnið sé eftir einstaklingsáætluninni og að komið sé fram við börn með fötlun líkt og ófötlud börn.

Nemendur Klettaskóla eru allir með sína einstaklingsáætlun sem er útbúin í samstarfi við foreldra. Í áætlunum er mikið lagt upp úr því að markmið séu byggð á styrkleikum nemenda í námi og þjálfun, svo að nemandinn sé áhugasamur um að vinna að markmiðunum. Umhverfi og náms- og þjálfunargögn er aðlöguð að hverjum og einum til að koma sem best til móts við þarfir þeirra. Helsti munur á kennslu nemenda í Klettaskóla og nemenda í almennum skólum er aukin áhersla á list- og verkgreinar, hreyfingu og skynörvun.

Hlutverk þroskaþjálfara er ekki svo ólíkt hlutverki kennara, það hafa allir sína umsjónarnemendur og sjá þeir um öll mál þeirra nemenda, meðal annars með því að sjá um að útbúa einstaklingsáætlanir. Þroskaþjálfar eru þó oft frekar að sinna nemendum sem þurfa á meiri aðstoð að halda.

Aðallega var einblínt á nemendur úr 107 hópnum á sérnámsbraut FÁ, líkt og í Múlaborg og Klettaskóla eru allir nemendur með sínar einstaklingsáætlanir. Náms þeirra fer að mestu fram í skynnámi, þar sem þau læra í gegnum snertingu, lykt, sjón, heyrn og

jafnvel bragð, einnig er lagt mikið upp á hreyfingu og eru þau með litla sundlaug inn á brautinni sem nemendur í 107 hópnum fara í að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Félagsleg virkni nemenda er ekki sérlega mikil með ófötluðum nemendum og má rekja það að lélegs félagslífs í skólanum, en nemendur brautarinnar eru aftur á móti duglegir að mæta á viðburði sem heldnir eru af brautinni.

Hjá FÁ var hlutverk þroskaþjálfara svipað og í Klettaskóla þar að segja að þroskaþjálfar hafa sama hlutverk og kennarar, það er að stjórna námi sinna umsjónanemenda sem felur í sér gerð á einstaklingsáætlun og sjá til þess að henni sé framfylgt. Þroskaþjálfarnir vinna þó meira með nemendum úr 105 og 107 hópnum og talar Halldór um að þroskaþjálfar hafi betri menntun til þess að sinna nemendum með mikla fötlun.

7.4 Ráðgjöf til annarra skóla

Ekki voru allir skólarnir að sinna ráðgjöf til annarra skóla hvað varðar þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar. Múlaborg og Klettaskóli eru svokallaðir ráðgjafar skólar þar sem þeir sinna ráðgjöf á landsvísu til annarra skóla, þó svo að FÁ sé ekki ráðgjafarskóli býður hann þó alla velkomna og er í samstarfi við tvo skóla fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Ráðgjöfin sem fram fer er mismunandi eftir þörfum hvers skóla fyrir sig, en alla jafna eru þeir að leita ráða til að bæta þjónustu sína fyrir nemendur með fötlun.

7.5 Breyting á þjónustu

Þegar viðmælendur voru spurðir hvaða breytingar þau vildu fá að sjá í þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar voru svörin mörg og mismunandi. Rebekka vill sjá betri samvinnu milli skólastiga og auka aðgengi fatlaðs fólks í samfélaginu og trúir hún því að með því aukist skilningur almennings um málefni fatlaðs fólks.

Ása og Valgerður nefna húsnaði skólans auk þess sem þær tala um að auka þurfi þjónustu fyrir foreldra heima við, með þessu eiga þær meðal annars við liðveislu og stuðningsfjölskyldur. En þar sem afar fáir sækja um í þessar stöður þurfa foreldra einfaldlega að þekkja einhver sem væri til í að taka þetta að sér. Þetta getur verið einstaklega erfitt fyrir einstæða foreldra og finna þær mikið fyrir þessu meðal foreldra barna í Klettaskóla.

Halldór talar aðallega um breytingu á þeirri þjónustu sem framhaldsskólarnir bjóða og myndi hann vilja sjá lengri skóladag svo að nemendur þyrftu ekki að vera á flakki yfir daginn. Eins og staðan er núna þá eru nemendur á sérnámsbrautinni aðeins í skólanum til 13 og þurfa svo að fara á aðra staða restina af deginum.

8 Umræður

Vinnsla þessarar ritgerðar hefur verið gríðarlega lærdómsrík en á sama tíma hefur þetta tekið á, skemmtilegast var að taka viðtölin við viðmælendur mína og fá að skoða skólanna. Hér verður farið í hugleiðingar mínar um niðurstöðurnar í tengslum við störf þroskaþjálfara.

Svo er víst að eins og staðan er í dag eru þessir skólar nauðsynlegir fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar, hvort sem það er að aðrir skólar geti leitað sér ráðgjafar eða að nemendurnir fái tækifæri á góðri og innihaldsríkri skólagöngu. Það er vissulega draumurinn að öll börn og ungmenni geti stundað nám undir sama þaki þar sem komið er til móts við alla en eins og svo oft áður er erfitt að veita þá þjónustu sem þarf vegna skorts á fjármagni.

Höfundur þessarar ritgerðar heldur því fram að þroskaþjálfar hafi mikið upp á að bjóða og séu með einstaklega góða menntun til þess að vinna með nemendum með fjölþættar skerðingar. Það var upplifun mín að þroskaþjálfar innan skólanna væru meira að sinna nemendum með fjölþættar skerðingar og miklar fatlanir, í stað þess að vinna með nemendum sem voru frekar sterkir námslega. Þetta tel ég eingöngu liggja í þeirri menntun sem við fáum, við erum ekki að fá sömu kennslu og nemar í kennarafræðum og því eru þeir betri fagmenn til þess að sinna námslega sterkum nemendum.

Teymisvinna er stór partur í störfum þroskaþjálfara en að mínu mati hefur hugtakið teymisvinna fengið víðari skilning nú en áður. Áður taldi ég teymisvinnu aðeins vera þegar allir úr teyminu hittust á nokkurra vikna fresti til þess að fara yfir stöðu mála og finna ný markmið. En nú er ég komin á þá skoðun að foreldra samstarf falli einnig undir teymisvinnu, það er að segja mikilvægi þess að fagfólk sé í einstaklega góðum samskiptum við foreldra nemendanna. Það eru þeir sem þekkja börnin sín best og það eru þeir sem hafa lokaorðið í öllum málum er varða barnið. Það er því mikilvægt fyrir fagfólk að muna þetta og leggja sig fram við að hafa góð samskipti á jafningjagrundvelli.

Nám og þjónusta nemenda með fjölþættar skerðingar er eins fjölbreytt og þessir nemendur eru. En lykilþátturinn út frá upplifun minni var sá að aðal áherslan er lögð á einstaklingsmiðað nám sem ætlað er að auka sjálfstæði og lífsgæði nemendanna. Einnig er lögð áhersla á að finna fjölbreyttar leiðir fyrir nemandann að taka þátt í öllu starfi í skólunum.

Hlutverk þroskaþjálfara er því margsnúið og þarf það að miðast út frá hverjum og einum, þessar áherslur eru vel tengdar við siðareglur og starfskenningar þroskaþjálfara þar sem þeirra helsta markmið er að auka lífsgæði þeirra sem þeir vinna með. Með þetta að leiðarljósi er hægt að tengja aftur í teymisvinnuna þar sem allir þurfa að vinna saman að því að finna leiðir fyrir nemandann hvort sem það er tengt námsefninu, markmiðum eða félagslegri þátttöku.

Það ráðgjafastarf sem er í boði hjá Múlaborg og Klettaskóla er einstaklega mikilvægt, sérstaklega ef skóli án aðgreiningar á að geta virkað að einhverju leiti. Það er mikil eftirspurn eftir þessari þjónustu sem spannar vítt svið svo sem fræðsla um mismunandi þjálfunarleiðir og hvernig Múlaborg sinnir þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar. Í Klettaskóla er kennslufræðilega ráðgjöfin það helsta sem grunnskólar leita eftir, þá fá þau tækifæri til þess að skoða þau gögn sem Klettaskóli hefur safnað saman á undanförunum árum.

Persónulega er ég ekki viss hvort þroskaþjálfar ættu frekar en aðrir að sinna þeirri ráðgjöf sem fram fer í Klettaskóla en Valgerður, önnur þeirra sem sinnir ráðgjöf hjá Klettaskóla er með viðbótar menntun sem sérkennari. Valgerður nefndi þó í viðtölunum að ekki skemmdi fyrir ef fagaðilar með viðbótar menntun væru þroskaþjálfar í grunnin því menntun þeirra væri mjög góður grunnur, Halldór í FÁ nefndi þetta einnig. Það sem skiptir höfuð máli í allir ráðgjöf hvort sem það er hjá Múlaborg eða Klettaskóla þá þurfa þeir sem sinna henni að hafa mikla og góða reynslu og vera tilbúnir að deila henni með öðrum. Allir viðmælendur mínir búa yfir þeim eiginleikum og ættu allir að geta leitað sér ráðgjafar til þeirra.

Mér fannst mjög áhugavert að heyra svör viðmælenda minna þegar spurt var út í breytingar á þjónustunni. Þar komu fram þættir sem ég hafði ekki áttað mig á áður til að mynda hversu erfitt það getur verið fyrir suma foreldra að fá aðstoð heima fyrir hvort sem það er í gengum liðveislu, stuðningsfjölskyldur eða skammtíma vistanir. Þá komu þær fram með hugmynd að áhugaverðri þjónustu sem líkja má við skammtíma vistanir. Einnig fannst mér mjög áhugaverður punktur þegar Halldór talar um að velferðaráðuneytið og menntamálaráðuneytið þyrftu að vinna betur saman. Eftir að hafa velt þessu fyrir mér áttaði ég mig á því að öll ráðuneytin ættu að vinna betur sem ein heild í stað þess að leggja fjármagn allt í sitt hvora áttina.

9 Lokaorð

Þroskaþjálfar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í skólaþjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar. Það kom vel í ljós þegar skoðaðar voru starfskenningar og siðareglur þroskaþjálfra með sérstaka áherslu á þá þjónustu sem fer fram innan skóla. Einnig er mikilvægt að benda á að þetta eigi ekki aðeins við um þessa þrjá skóla sem voru til umræðu í þessari ritgerð heldur einnig í almennum skólum.

Í námi þroskaþjálfra er ýmislegt sem undirbýr okkur fyrir þessa vinnu með nemendum með fjölþættar skerðingar. En á sama tíma er ýmislegt sem vantar upp á, svo sem alla praktísku hlutina eins og líkamsbeitingu og ýmsa hluti sem tengja má við hjúkrun. Þeir hlutir sem búið er að undirbúa okkur fyrir eru hlutir eins og að halda teymisfunda og vinna í teymum, útbúa einstaklingsáætlanir og mikilvægi þess að virða skoðanir foreldra. Valgerður nefndi þetta einnig í viðtalinu og sagði hún: „að þroskaþjálfar séu almennt vel undirbúnir fyrir þessa miklu þverfaglegu vinnu sem er í kringum börn með fjölþættar skerðingar“. Halldór nefnir einnig að maður er í raun heppin að lenda í þessari vinnu því maður veit aldrei hvar maður endar. Höfundur finnst þessi punktur mikilvægur því starfssvið þroskaþjálfra er svo vítt að ekki er möguleiki á að kenna allt á aðeins þremur árum.

Helstu áherslur í skólaþjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar eru mismunandi eftir skólastigum en þær hafa það þó allar sameiginlegt að auka lífsgæði, efla sjálfstraust og sjálfstæði nemendanna. Helsti munur á kennslu nemenda með fjölþættar skerðingar og nemenda í almennum skólum er þetta einstaklingsmiðaða nám og óhefðbundnar leiðir til að ná markmiðum. Það er til dæmis mikið lært í gengum skynnám, skynörvun, list- og verkgreinar og þjálfun einstaklinga sem snýr að athöfnum daglegs lífs.

Auk þess sem mikil áhersla er lögð á hreyfingu hjá skólunum og þá sérstaklega í Klettaskóla og FÁ. Þessi staðreynd fékk höfund þessarar ritgerðar til að hugsa til áfanga sem var kenndur á haustönn og fjallaði um hreyfingu og heilsu fatlaðra einstaklinga. Þar fengum við að heyra frá reynslu nokkurra einstaklinga af íþróttakennslu í almennum grunnskólum en oftast en ekki fengu þessir einstaklingar ekki að taka þátt í íþróttum þrátt fyrir að hreyfing sé einstaklega mikilvæg fyrir alla.

Eitt sem má alls ekki gleymast þegar kemur að kennslu eða þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar er mikilvægi þess að virkja einstaklinga félagslega. Rebekka í Múlaborg kom inn á þetta í viðtalinu og nefnir að börn læra mun betur innan um önnur

börn heldur en að sitja alltaf inn í herbergi með starfsmanni, en þau missa einnig svo mikið af félagslega ef það er sífellt verið að taka þau úr sínum náttúrulegu aðstæðum. Þetta er hlutur sem gleymist allt of oft eftir því sem nemendur eldast og tala margir foreldrar um að svo lengi sem að barnið sitt sé sterkt félagslega sé mikilvægara en að þau læri að lesa.

Höfundur þessarar ritgerðar finnst að þessi hópur hafa týnst í nýjum áherslum í námi þroskaþjálfna og vildi gjarnan sjá fleiri áfanga sem tengjast þessum hópi betur. Þetta gæti meðal annars verið áfanga sem snúa meira að hjúkrunarlegri hlið þjónustunnar, höfundur skilur þó vel að ekki eru allir sem hafa áhuga á því. Það væri því upplagt að bjóða upp á fleiri val áfanga svo að við getum sérhæft okkur betur í náminu.

Samhliða þessu hefur lítil sem engin umfjöllun verið í náminu hjá þroskaþjálfum sérstaklega ætluð einstaklingum með fjölpættar skerðingar en að mínu mati þurfa þau sérstaklega fagþekkingu þroskaþjálfna að halda. Kemur þetta meðal annars út frá þeirri sýn sem þroskaþjálfar nota þar sem horft er á einstaklinginn í heild sinni og unnið út frá styrkleikum þeirra.

Í ljósi þess sem fram hefur komið hér er mikilvægt að þroskaþjálfastéttin gæti þess að sinna þjónustu fyrir einstaklinga með fjölpættar skerðingar svo að hægt sé að vinna að því að auka lífsgæði þeirra, sjálfstæði og berjast fyrir því að þau séu virtir samfélagsþegnar í samræmi við alla aðra.

Vinnsla þessara ritgerðar var löng og erfið en á sama tíma hefur þetta ferli verið gríðarlega lærdómsríkt og skemmtilegt. Þessi þekking mun án efa nýtast í framtíðinni. Í ferlinu hafa vaknað upp margar spurningar sem ég vonast til þess að geta svarað einn daginn og miðlað til annara.

10 Heimildir

Fjölbrautarskólinn við Ármúla. (e.d.a). *Brautlýsing*. Sótt þann 17. mars 2015 af <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/brautir/sernamsbraut/brautarlysing/>.

Fjölbrautarskólinn við Ármúla. (e.d.b). *Námskrá*. Sótt þann 17. mars 2015 af <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/brautir/sernamsbraut/namskra/>.

Gretar L. Marinósson. (2003). Hvernig verða flokkar sérþarfa til í grunnskóla?. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.). *Fötlunarfræði: sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík, Háskólaútgáfa.

Klettaskóli. (e.d.a). *Starfsáætlun Klettaskóla skólaárið 2013-2014*. Sótt þann 21. febrúar 2015 af <http://klettaskoli.is/images/Starfsaaetlun-Kle-2013-14.pdf>.

Klettaskóli. (e.d.b). *Starfsfólk*. Sótt þann 21. febrúar 2015 af <http://klettaskoli.is/index.php/um-skolann/starfsfolk>

Klettaskóli. (e.d.c). *Um skólann*. Sótt þann 21. febrúar 2015 af <http://klettaskoli.is/index.php/um-skolann/um-skolann>.

Leikskólinn Múlaborg. (e.d.). *Leikskólinn Múlaborg*. Sótt þann 15. mars 2015 af <http://mulaborg.is/index.php/leikskolinn?showall=&start=2>.

Leikskólinn Múlaborg. (2011). *Skólanámskrá Múlaborgar*. Sótt þann 15. mars 2015 af <http://mulaborg.is/index.php/leikskolinn?showall=&limitstart=>.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Martin, Nicholas, R.M. (2008). *A guide to Collaboration for IEP- Teams*. London: Brookes Publishing.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla*. Sótt þann 18. febrúar 2015 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>.

Mennta og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Sótt þann 18. febrúar 2015 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011c). *Aðalnámsskrá leikskóla*. Sótt þann 18. febrúar 2015 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar/nr/3952>.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla nr. 230/2012.

Reykjavíkurborg. (2009). *Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar*. Sótt þann 22. febrúar 2015 af http://eldri.reykjavik.is/portaldatal/1/Resources/leikskolasvid/Serkennslustefna_-_lokaeintak.pdf.

Sameinuðu þjóðirnar. (1992). *Barnasáttmálinn*. Sótt þann 9. febrúar 2015 af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>.

Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir. (2006). Heilbrigði og fötlun – Alþjóðleg líkön og flokkunarkerfi. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.). *Fötlun – hugmyndafræði og aðferðir á nýju fræðisviði* (bls. 37 – 65). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Tryggingarstofnun. (2015). *Hve mikil er aðstoðin?*. Sótt þann 4. mars 2015 af <http://www.tr.is/barnafjolskyldur/umonnunargreidslur/hve-mikil-er-adstodin/>.

Velferðaráðuneytið. (2009). *Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. (Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisinn þýddi). Sótt þann 30. mars 2015 af <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/3496>.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.a). *Siðareglur þroskaþjálfara*. Sótt þann 24. febrúar 2015 af <http://throska.is/?c=webpage&id=42>.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (2007). *Starfskenning þroskaþjálfara*. Sótt þann 24. febrúar 2015 af <http://throska.is/?c=webpage&id=63>.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.b). *Þroskaþjálfafélag Íslands*. Sótt þann 2. mars 2015 af <http://throska.is/?c=webpage&id=25&lid=25&option=links>.

Viðauki

Lykilspurningar

- Hver er starfsreynsla þín?
- Sagðu mér aðeins frá því starfi sem er unnið hér?
- Hversu margir þroskaþjálfar vinna hér?
- Hvernig er teymisvinnu háttað hjá ykkur? Eru mynduð teymi utan um hvern einstakling?
- Hvert er helsta hlutverk þroskaþjálfara innan teymisins?
- Hvernig er þjónusta fyrir þá nemendur sem eru með fjölþættar skerðingar frábrugðin?
- Að hvaða marki taka nemendur með fjölþættar skerðingar þátt í almennu starfi skólans.
- Hafa þroskaþjálfar sérstakt hlutverk innan þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar? Ert þú að skipuleggja þroskaþjálfana sérstaklega á sérstaka stofu frekar en aðra?
- Sinnið þið ráðgjöf til annara skóla um þjónustu fyrir nemendur með fjölþættar skerðingar? Ef svo hvernig fer sú ráðgjöf fram?
- Vilirðu sjá einhverjar breytingar á þjónustu við nemendur með fjölþættar skerðingar innan skólakerfisins? Ef svo, á hvern hátt?

Auka spurningar

Múlaborg:

- Getur þroskaþjálfari inná deild leitað til umsjónamans sérkennslu hvað varðar handleiðslu og annað?
- Eru þið með ákveðin fjölda barna með fötlun inn á hverri deild?

Klettaskóli:

- Sagðu mér aðeins frá því starfi sem þið vinnið hér?
- Eru foreldara alveg til í að taka þátt í þjálfuninni?
- Komið þið inn í gerð einstaklingsáætlana?

FÁ:

- Eru einhver inntökuskilyrði hér?
- Eru þið þá með nemendur á öllum aldri saman í stofunum?
- En er 107 hópurinn eitthvað að fara fram í almenna tíma?

- Eru þá 103 og 105 að fara meira fram?